



Svartárkort, menning og náttúra

Nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu

Aðalgeir Ásvaldsson



Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2010

Svartárkot, menning og náttúra

Nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu

Aðalgeir Ásvaldsson

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Katrín Anna Lund

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, janúar 2010

Svartárvkot, menning og náttúra. Nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu
Svartárvkot, menning og náttúra
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2010 Aðalgeir Ásvaldsson
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Aðalgeir Ásvaldsson, 2010, *Svartárvkot, menning og náttúra. Nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 30 bls.

ISBN 146457

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, janúar 2010

Útdráttur

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið hröðum skrefum og allt útlit er fyrir að hún haldi því áfram um komandi ár. Í sífellt meiri mæli hefur verið horft til ferðaþjónustu í umræðunni um atvinnusköpun, þá sérstaklega fyrir þau svæði samfélagsins sem flokkast undir jaðarsvæði. Hún hefur þá verið markaðssett sem hugsanlegt bjargráð landsbyggðarinnar til að sporna við þeirri byggðarþróun sem hefur átt sér stað undan farna áratugi. Í því samhengi mun ég fjalla um nýsköpunarverkefnið Svartárvot, menning og náttúra. Tilgangur ritgerðarinnar er að komast að því hverskonar ferðaþjónusta er stundið þar og hverskonar áhrif verkefnið hefur samfélagði í Bárðardal. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að mikilvægi nýsköpunar, tengslaneta og áhersla á nýjar leiðir í ferðaþjónustu geta hjálpað til við atvinnusköpun og byggðarþróun á landsbyggðinni. Lykilþættir í velgengi verkefnisins er sá drifkraftur sem liggur í aðstandendum þess og samstaf þeirra við heimamenn.

Abstract

Tourism in Iceland is increasing year by year. In the discourse on regional and economic development, tourism frequently features as a possible coping strategy. Especially in the case of rural areas, where decreasing number of inhabitants has been a big problem. Tourism has been presented as a way for the rural areas to renew their economy as well as support rural development to improve living standards. This paper examines an innovation project in destination development that takes place in Bárðardalur. In my research I have discovered that entrepreneurship, networking and different approaches in tourism can lead to economic and rural development. The key factor in the development is the partnership with the locals.

Efnisyfirlit

Myndir	vi
Þakkir	vii
1 Inngangur	1
2 Ferðaþjónusta fyrir landsbyggðina	3
2.1 Akademísk ferðaþjónusta	4
2.2 Jarðferðamennska	6
2.3 Þróun ferðaþjónustu	8
2.3.1 Tengslanet nýsköpunar	9
2.3.2 Tengslanet í ferðaþjónustu	10
2.3.3 Tengslanet akademískrar ferðaþjónustu og jarðferðamennsku.....	11
3 Bárðardalur	12
4 Aðferðir og gögn.....	16
4.1 Aðferðir	16
4.2 Gagnaöflun og úrvinnsla	18
4.3 Vandamál.....	18
5 Sambúð manns og náttúru	20
5.1 Tilurð Sambúðar manns og náttúru	20
5.2 Ferðaþjónustan að Svartárkoti.....	22
5.3 Framtíðarmöguleikar	24
6 Ályktanir og umræður.....	27
Heimildir	29

Myndir

<i>Mynd 1 Goðafoss er staðsettur í mynni Bárðardals og er einn dádasti foss landsins.....</i>	12
<i>Mynd 2 Svartárvatn með Sellandafjall í bakgrunni</i>	13
<i>Mynd 3 Bæjarstæði Svartárkots í rótum Ódádahrauni.....</i>	14
<i>Mynd 4 Herðubreið</i>	15

Þakkir

Ég vil fyrst og fremst þakka öllum þeim viðmælendum sem gáfu sér tíma til þess að ræða við mig, þá sérstaklega þakka ég Viðar Hreinssyni fyrir aðstoð við upphafs verkefnisins. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem veittu mér aðstoð við vinnslu rannsóknarinnar. Að lokum við ég þakka leiðbeinandanum mínum Katrínu Önnu Lund fyrir góða leiðsögn.

1 Inngangur

Á síðastliðnum áratugum hefur fólksfækkun í sveitum orðið æ meira áhyggjuefni. Lítil fjölbreytileiki á sviðum þjónustu, menntunar og atvinnu hafi orðið til þess að fólk tók þá stefnu að flytja úr sveitum í þéttbýli í leit að betri þjónustu. Þessi þróun hefur orðið til þess að sveitir og lítil bæjarfélög eiga verulega undir högg að sækja vegna mikillar fólksfækkunar og draga má þá ályktun að það sé vegna umrædds skort á fjölbreytileika atvinnulífsins og takmörkuðu framboði á þjónustu. Ef ekki verður tekið til aðgerða til þess að sporna við þessari þróun er útlitið svart fyrir landsbyggðina (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarson, 2002).

Ein leiðin til þess að styrkja innviði landsbyggðarinnar er að mynda öflug net ferðaþjónustuaðila á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja. Ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem vaxið hefur hröðum skrefum ár frá ári hér á landi og í kringum hana myndast gríðarlegar gjaldeyristekjur. Mikill fjöldi ferðamanna streymir til landsins í þeim tilgangi að skoða náttúruperlur Íslands og um leið upplifa menningu landsins. Ferðaþjónusta getur verið skammgóður vermir sökum þess hversu árstíðtíðarbundin hún er. Landsbyggðin hefur alla burði til að nýta sér ferðaþjónustuna sem atvinnusköpunartækifæri til að sporna við fólksfækkun. Sökum nálægðar sveita Suðurlands við þéttbýlið sem áætlunarstaðar ferðamanna er svo mikilvægt fyrir landsbyggðina sem liggur fjarri að koma sér upp sérstöðu á markaði sem aðdráttarafl. Því gegnir nýsköpun í ferðaþjónustu lykilhlutverki í uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Bæði í þeim tilgangi að laða að ferðamenn á háannatímanum og til þess að lengja ferðamannatímamann með nýjum áherslum og nálgunum.

Hér á eftir mun ég fjalla um nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu sem á sér stað í Þingeyjarsýslu-, nánar tiltekið í Svartárkoti í Bárðardal. Svartárkot er syðst allra býla í dalnum og er staðsett í jaðri Ódáðahrauns. Svæðið er mjög einangrað og býr yfir mikilli náttúrufrægurð sem og vistfræðilegum fjölbreytileika. Samspil manns og náttúru á svæðinu hefur breyst í gegnum tíðina frá því að vera barátta upp á líf og dauða í það að vera heillandi aðdráttarafl. Það má segja að í Svartárkoti mætist byggðir og óbyggðir, bærinn er bókstaflega á mörkum byggilegs lands því er sambúð fólksins og náttúrunnar mjög sérstakt á svæðinu. Barátta heimamanna við náttúruna hefur spunnið af sér sérstaka menningarsögu allt frá því að byggð reis í dalnum. Nákvæma mynd má öðlast af lífernri fólks í dalnum frá þeim tíma í gegnum bókmenntir og úr ritum sem varðveist hafa frá þeim tíma. Til eru ritaðar heimildir allt til ársins 1670, hafa rit þessi varðveist vel og skilið eftir sig ríka menningarsögu.

Í þessu verkefni verður fjallað um þá framtíðarmöguleika sem felast í nýsköpun í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Í umfjöllun minni um þau tækifæri mun ég sérstaklega fjalla um nýsköpunarverkefni sem hefur verið í vinnslu í Bárðardal, sem ber nafnið Sambúð Manns og Náttúru. Á svæðinu er verið að reisa alþjóðlegt rannsókn- og kennslusetur, þar sem á að vinna með menningu svæðisins, náttúru þess og lífríki, með sterka áherslu á sambúð manns og náttúru. Þykir Svartárkot tilvalið til þess að hýsa slíka starfsemi sökum staðsetningar og menningarlegs arfs. Setrið hefur verið starfandi síðan 2006 en frá upphafi hafa starfsmenn verið að vinna í því að prufukeyra námskeið til að sjá hvernig starfsemin eigi að ganga fyrir sig. Þau námskeið sem hafa verið haldin til þessa hafa gengið vonum frammar og lítur framhaldið vel út.

Setrið leggur áherslu á jarðferðamennsku og akademíska ferðamennsku, sem felur í sér að halda alþjóðleg námskeið af hæsta gæðaflokki sem metin eru til háskólanáms. Námskeiðin eru fjölbreytt og snúa að náttúrulegum einkennum svæðisins og menningu þess. Stefnt er að því að halda reglulegar námssmiðjur (e. workshops) og skipulagðar gönguferðir um svæðið sem er einnig ætlað að ná til hins almenna ferðamanns.

Megin markmið rannsóknar minnar er að komast að því hverskonar ferðamennska á sér stað í Svartárkoti og varpa ljósi á það hvernig hún gengur fyrir sig. Undirmerkið rannsóknarinnar eru að kanna þá möguleika sem ferðamennska sem þessi getur opnað og hvort að þetta verkefni geti verið byrjun á nýrri þróun í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Þar að auki ætla ég að skoða hvort slík ferðaþjónusta sé samfélaginu til góða og hvort hún hjálpi til við að styrkja einsleita innviði staðbundins samfélags með því að bjóða upp á nýja atvinnumöguleika fyrir heimamenn. Ég hafði það í huga að verkefnið í Svartárkoti er nýsköpunarverkefni sem er eitt sinnar tegundar á Íslandi. Stefna þess er ekki ennþá fullmótuð, því er erfitt að segja til um raunverulega framtíðarmöguleika þess.

Ritgerð þessi mun skiptast upp í sex hluta, fyrsti hluti ritgerðarinnar er inngangur þar sem tilgangur rannsóknarinnar er kynntur. Í öðrum hluta hennar er fjallað um hverskonar sóknartækifæri felast í ferðaþjónustu fyrir landsbyggðina og greint ítarlega frá kenningum og nálgunum verkefnisins. Í þriðja hluta hennar er fjallað um sögu og staðarhætti við Svartárkot í Bárðardal. Í fjórða hluta hennar mun ég fjalla um þær aðferðir sem notast var við í rannsókninni og hvernig rannsóknarvinna fór fram. Í fimmta hluta hennar mun ég fjalla skilmerkilega um tilurð verkefnisins Svartárkort, Menning og Náttúra, sem skiptist í þrjú þemu. Í sjötta hluta verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar og þær ræddar ítarlega.

2 Ferðapjónusta fyrir landsbyggðina

Fólksflutningur úr sveitum í borgir er ein helsta þjóðfélagsbreytingin sem fylgir því að taka skrefið úr iðnaðarsamfélagi í hið neysluháða nútímasamfélag, þar sem margar atvinnugreinar koma saman á litlu svæði. Það virðist gefa af sér hærri laun og hærra þjónustustig sem laðar þar af leiðandi að sér fleira fólk. Það þýðir að þéttbýlismyndun verður sí vaxandi á meðan landsbyggðin veikist á sama tíma (Axel Hall o.fl., 2002). Því á landsbyggðin undir högg að sækja þar sem helstu atvinnuvegir þar eru frum- og úrvinnslugreinar sem eru í þokkabót verða sí tæknivæddari sem leiðir til þess að sífellt þarf minni mannskap til að vinna við þessar greinar. Í kjölfar tæknivæðingar uppistöðugeira landsbyggðarinnar hefur færri fólk atvinnu því fer það að leita annað til að draga björg í bú. Einnig hefur hlutur menntunar gegnt stóru hlutverki í búferlaflutning ákveðins aldurshóps sem flytur í þéttbýlið til að mennta sig. Eftir að menntun lýkur skilar þetta fólk sér ekki aftur til baka, aðalástæðan virðist vera litlir atvinnumöguleikar.

Eitt helsta sóknarfæri landsbyggðarinnar til þess að styrkja stöðu sína í nútímasamfélagi er að nota náttúruauðlindir sínar til að skapa atvinnu. Þá er annað hvort að virkja náttúruna og koma á stóriðju eða notfæra sér náttúruna til ferðapjónustu. Umfang ferðapjónustu eykst með ári hverju og verður æ mikilvægari fyrir efnahagsástand viðkomandi landa. Neto (2003) telur að ferðamennska sé nú orðin stærsta uppspretta heimsins hvað varðar gjaldeyrisviðskipti. Nú á tímum erfiðleika í alþjóðaviðskiptum og kreppu er kjörið tækifæri að nýta ferðapjónustu til að styrkja stöðu landsbyggðarinnar. Aftur á móti þarf að mörgu að huga áður en farið er í að byggja upp ferðapjónustu sem efnahagsauðlind. Ferðapjónustu fylgja ekki einungis efnahagsleg áhrif heldur einnig samfélagsleg og umhverfisleg áhrif. Mikill ágangur ferðamanna á auðlindir, menningu sem og náttúru, getur valdið alvarlegum afleiðingum (Neto, 2003). Einnig verður að passa að gjaldeyrið sem kemur til landsins haldist þar og stöðva efnahagslegan leka eins og mögulegt er, því annars verður ferðapjónusta skammgóður vermir (Neto, 2003; Torres & Momsen, 2004).

Því er nauðsynlegt að vanda vel til uppbyggingar ferðapjónustu og hafa langtímamarkmið í huga frekar en skjótan gróða. Í því samhengi þarf að stuðla að nýsköpun í ferðapjónustu til að skapa sér sérstöðu á markaði og byggja ferðapjónustuna upp þannig að hún verði hinu staðbundna samfélagi til góðs. Í því samhengi er oft notast við þá hugmyndafræði sem felur í sér „þróun að neðan“ (e. Development from below) sem einkennist af aðgerðum sem stuðla að og virkja heimamenn á beinan hátt við uppbyggingu þjónustunnar. Slík uppbygging gefur hinu staðbundna samfélagi kost á því að taka virkan þátt í uppbyggingu staðar sem skilar sér í því að tekið er meira mark á sjónarmiðum heimamanna en ella (Potter, Binns, Elliott og Smith, 2008). Þetta getur líka opnað augu okkar fyrir því hvernig má beina ferðamönnum að nýjum auðlindum. Sem byggja á nýrri tegund náttúruaðdráttarfls og þannig dreifa ferðamönnum betur um landið. Allt í kringum landið eru ónýttar náttúru- og menningarauðlindir sem vel er hægt að markaðssetja fyrir ferðamenn.

Hér í þessum kafla verður farið ítarlega yfir það hvernig efla má ferðapjónustu á landsbyggðinni með því að tileinka sér nýjar nálganir í ferðapjónustu.

2.1 Akademísk ferðapjónusta

Hugtakið „Akademísk ferðapjónusta“ er tiltölulega nýtt hugatak í ferðapjónustugeiranum, það mætti segja að hugtakið hafi orði til í frumkvöðlavinnu Þekkingarseturs Þingeyinga árið 2005. Akademísk ferðapjónusta snýst um að búa til stutta kúrsa eða námskeið fyrir endurmenntun háskólaprófessora. Aðalsteinn J. Halldórsson starfsmaður Þekkingarseturs Þingeyinga tók saman skýrslu um hugtakið sem fjallar um tilurð þess og tilgang.

Þetta hefur þekkt erlendis sem „study tours“ það felur í sér ferðir til menntunar eða fræðslu. Þekkingarsetrið tók þessa hugmynd og mótaði hana að aðstæðum í Þingeyjarsveit með það að sjónarmiði að laða til sín akademíska ferðamenn. Sem eru í leit að endurmenntun eða víkka akademískan skilning sinn á viðfangsefni sínu með vettvangsnámi, stuttum ferðum eða námskeiðum. Ferðirnar og námskeiðin á að skipuleggja í samstarfi við íslenska háskóla, með þeim tilgangi að námskeiðin verði metin til eininga í háskólum á alþjóðlegu stigi.

Akademísk ferðapjónusta snýst um það að reyna að gefa nemendum á háskólastigi betri tækifæri á því að kynnst af eigin reynslu hvað menntun þeirra getur leitt af sér. Tilgangurinn með því að fá til sín háskólahópa er að styrkja innvið hins staðbundna samfélags og virkja heimamenn í samstarfi við þá hópa sem leggja leið sína þangað. Þá er bæði verið að tala um innlenda og erlenda háskólahópa. Í mörg ár hafa komið til landsins og í Þingeyjarsveit erlendir námshópar til rannsókna og hingað til hafa þeir verið í litlu samstarfi við heimamenn. Æskilegt er að þeir hópar sem koma, skilji meira eftir sig fyrir hið staðbundna samfélag svo hægt sé að skapa aukna atvinnu út frá heimsóknum þeirra. Íslenskir háskólar eru farnir að fara í nokkru mæli í vettvangsferðir innanlands, flestar á sviði náttúruvísinda t.d. árleg ferð Háskóla Íslands að Tjörneslögum. Vettvangsferðir háskólanna eru heldur ekki skipulagðar í samstarfi við heimamenn nema að litlu leyti. Í ljósi þess að fræðasetrum hefur verið komið upp víða um land væri eðlilegt að slíkar rannsóknarferðir væru skipulagðar í samstarfi við þau. Til dæmis gæti Þekkingarsetur Þingeyinga skipulagt ferð Háskóla Íslands að Tjörneslögum sem gæti orðið báðum hópum til góða sökum tengsla setursins við svæðið og heimamenn.

Það er augljóslega mikið sem hægt er að læra af bókum og kennslu í stofum en hugmyndin er sú að bjóða nemendum upp á námsferðir sem gefa þeim smjörþefinn af viðfangsefni sínu. Fátt er eins lærdómsríkt fyrir jarðfræðinema eins og fara í námsferðir um jarðfræðilega merkilegt landslag. Sökum þess að Ísland hefur yfir að ráða sérstæðri jarðfræðisögu þá er helsta tækifærið að bjóða þeim nemendum sem leggja stund á nám tengt jarðfræði, líffræði, ferðamálafræði eða öðru umhverfis tengdu námi upp á einstakt tækifæri til að komast í kynni við fræðisvið sitt (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005).

Akademísk ferðapjónusta er því þjónusta sem býður upp á skipulagningu ferða til áfangastaða sem hafa uppá eitthvað einstakt að bjóða t.d. náttúru eða jarðfræði, og er þá þeirra aðal aðráttarafl. Í þessum ferðum yrði boðið upp á námskeið eða námsferðir sem meta skyldi til háskólanáms. Þetta er hugsað sem stök námskeið með sérfræðingum og/eða ferðir sem skipulagðar eru í samvinnu við heimamenn. Þetta gæti einnig nýst íslenskum háskólum þar sem þeir eru gjarnan staðsettir í stærri byggðarkjörnum. Þetta er því kjörið tækifæri fyrir landsbyggðina til að komast í samstarf við háskólana, til að styrkja stöðu sína því mikill áhugi er fyrir slíkum ferðum (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005).

Tækifæri eru hér á landi fyrir meira samstarf á milli háskólanna og landsbyggðarinnar. Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni hafa t.d. ráðist í uppbyggingu á þekkingarsetrum sem sérhæfa sig í þekkingu á sérstöðu svæðisins sem síðan er notað við rannsóknarstörf (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005). Þessi setur hafa yfir að ráða gríðarlegri staðbundinni þekkingu sem væri vel hægt að nýta við að byggja upp námskeið eða við

uppsetningu námsferða í samstarfið við nærliggjandi og erlenda háskóla. Slík þekkingarsetur eru staðsett út um allt land t.d. á Húsavík, Vestmanneyjum, Egilstöðum, Hveragerði, Ísafirði og Skagafirði. Svæðin eru eins ólík og þau eru mörg, er því um að ræða mikla möguleika á fjölbreyttu og víðtæku samstarfi háskólanna og landsbyggðarinnar. Möguleiki er því fyrir hendi að koma á fót sterku tengslaneti á milli allra þessara svæða og innlenda sem og erlendra háskóla.

Samstarf slíkra stofnana og háskóla er að finna um allan heim, því ættum við að nýta okkur sérstöðu okkar á sviði jarð- og náttúruvísinda eins og önnur lönd hafa gert. Mörg fyrirtæki sem sérhæfa sig í námsferðum hafa verið til í áratugi og gera lítið annað en að stækka við sig. Dæmi um vel heppnað samstarf af þessu tagi er að finna í Abisko í Svíþjóð þar sem Sænska vísindaakademían (The Royal Swedish Academy of Sciences) rekur rannsóknarmiðstöð. Öll starfsemi og verkefni sem eru í gangi hverju sinni eru í yfirumsjón forstjóra rannsóknarmiðstöðvar og ráðgjafa. Markmið rannsóknarmiðstöðvarinnar er að bjóða sænskum sem erlendum vísindamönnum upp á tækifæri til að framkvæma rannsóknir á þeirri sérstöðu sem svæðið hefur upp á að bjóða. Í samstarfi við starfsmenn stöðvarinnar geta einstaklingar fengið aðstoð við rannsóknir sínar. Abisko er einstakt svæði á marga vegu sem svipa mjög til sérstöðu Íslands. Staðurinn hefur til að mynda yfir að ráða fjölbreyttri jarðfræði sem og einstakri flóru og fánu (Abisko scientific research station, á.á).

Sú starfsemi sem á sér stað í Abisko er að mörgu leiti svipuð þeirri starfsemi sem felst í akademískri ferðaþjónustu, hugtaki Þekkingarseturs Þingeyinga. Önnur svipuð dæmi um slíka starfsemi sem gengur mjög vel er t.d. að finna á Svalbarða, Bermúda og Colorado. Þessi tegund ferðaþjónustu er kjörið tækifæri fyrir staði á landsbyggðinni sem eiga í erfiðleikum með að halda í íbúa sína vegna fólksflutninga til borgarkjarna og bágra atvinnumöguleika. Möguleikar á að fá hingað erlenda námsmenn virðast vera miklir, áhugi fyrir landinu er til staðar og dæmi frá Noregi og Svíþjóð sýna okkur að námsmenn eru tilbúnir til að ferðast langt til þess að stunda rannsóknir. Líklegast er að fá námsmenn frá Bandaríkjunum í þessar rannsóknarferðir því styrkjakerfi þar auðveldar námsmönnum að komast í ferðir sem þessar. Auk þess eru margir háskólar þar vel efnaðir og hagstætt gengi bandaríkjadollars er einnig talið ýta undir áhuga þeirra. (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005). Vissulega er líka horft til Evrópu og sama má segja um gengi evrunnar og e.t.v. er meiri vitneskja í Evrópu um Ísland og kosti þess.

Eitt markmið starfseminnar er að blása lífi í hin svo kallaða „dauða tímann“ í ferðaþjónustu, þar að segja tímans utan þeirra þriggja til fjögurra mánaða sem háannatíminn stendur yfir. Það hefur reynst erfitt vegna þess hversu svipað skólaárið í Evrópu og Bandaríkjunum er skólaárinu hér. Því eru nemendur fyrst og fremst tilbúnir að koma hingað að sumarlagi frekar en að vetri til. Í því samhengi hefur verið litið meira til Asíu og Ástralíu þar sem skólaárið hentar okkur betur. Hvað varðar íslensku nemendurna þá ætti allt árið að henta þeim. Vettvangsferðir skólana eru farnar á veturna en á sumrin geta nemendur sótt námskeið eða haldið úti rannsóknum til að vinna með um komandi vetur (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005).

Ljóst er að það er grundvöllur fyrir ferðaþjónustu af þessu tagi hér á landi. Erlendir námsmenn eru reiðubúnir að leggja upp í löng ferðalög til að rannsaka viðfangsefni sitt og þó nokkuð mikið er um vettvangsferðir hjá íslenskum háskólum. Akademísk ferðaþjónusta hefur góð áhrif á samfélagið þar sem hún er skipulögð í samstarfi við heimamenn og þjónustan keypt af þeim. Það kemur til með að skapa meiri atvinnu og jákvætt viðhorf samfélagsins gagnvart ferðamönnum. Þar sem akademísk ferðaþjónusta skilur eftir sig bæði gjaldeyri og þekkingu fyrir hið staðbundna samfélag.

2.2 Jarðferðamennska

Geo-ferðamennska eða jarðferðamennska er ekki það ólík hugtakinu um visthæfa, vistvæna eða sjálfbæra ferðamennsku (Maher, 2007). Það mætti frekra segja að jarðferðamennska væri einn liður í að uppfylla skilyrði sjálfbærrar ferðamennsku. Jarðferðamennska beitir sér fyrir sjálfbærri þróun og verndun vistkerfa, en það sem er sérstakt við hana er það að hún einblínir á jarðfræðilega einstök fyrirbæri. Menn hafa hins vegar ekki komið sér saman um eina skilgreiningu á hugtakinu. Þar af leiðandi verður áhersla á áfangastaði misjöfn eftir því hvaða skilgreiningu staðurinn er byggður upp á, í kjölfarið verður upplifun ferðamanna misjöfn. Fyrir vikið verður hugtakið því óáreiðanlegt sökum ósamræmis í skilgreiningum. Ósamræmið getur bæði verið jákvætt og neikvætt, ferðamenn gætu orðið ánægðir með þá fjölbreytni sem boðið er upp á, einnig gætu þeir orðið fyrir vonbrigðum þar sem staðurinn uppfyllir ekki væntingar þeirra.

Þar sem upplifun þeirra var ekki í samræmi við þær væntingar sem þeir höfðu sett sér með tilliti til of mikils fjölbreytileika (Patrick T. Maher, 2007).

Í dag togast á tvær skilgreiningar um jarðferðamennsku, önnur þeirra afmarkar sig eingöngu við ferðamennsku um náttúrufyrirbæri sem eru einstök á sviði jarðfræði og landmótunarfræða. Hin skilgreiningin tekur aftur á móti inn aðra eiginleika staðar í skilgreininguna t.d. menningu og lífríki staðarins. Togsteita hefur myndast í kringum misræmi í skilgreiningum á jarðferðamennsku enda er þessi tegund ferðamennsku að verða sífellt meira áberandi. Hér á eftir mun ég fara yfir þessar tvær skilgreiningar og bera þær saman.

Stærstu samtök jarðferðamennsku í Evrópu, European Geoparks Network (EGN) skilgreina jarðferðamennsku sem ferðamennsku sem viðheldur eða styrkir landfræðileg einkenni staðar s.s. umhverfi, menningu, menningararf og staðbundið samfélag (European Geoparks Network, 2008). Út frá þessari tegund ferðamennsku hafa síðan orðið til Geoparks eða jarðgarðar. Þar sem ferðamenn geta komið og upplifað allt það sem skilgreining EGN stendur fyrir. Í þessum jarðgörðum fá þeir að sjá, upplifa og hjálpa til við að viðhalda og styrkja alla þá þætti sem jarðferðamennska stuðlar að. Þar fá ferðamenn að kynnst náttúru, menningu, lifnaðarháttum og lífríki staðarins á uppbyggilegan og fræðandi hátt. Einnig er hægt að skrá sig í vinnubúðir sem gefa ferðamönnum tækifæri á því að kynnst gömlum siðum og hefðum af eigin raun. Tilgangurinn hennar er að stuðla að sjálfbærni og fræða ferðamenn um mikilvægi þess að skila umhverfi og menningu í jafngóðu ástandi og komið var að því til komandi kynslóðar (European Geoparks Network, 2008). Hér er um að ræða breiðari skilgreiningu jarðferðamenskunnar þar sem menning, fagurfræði og menningararfur eru tekin inn í skilgreininguna. Innan þessa ramma falla gríðarlega margir hlutir og fyrirbæri og nánast allar hliðar ferðamennsku, t.d. menningartengd, náttúrutengd og fræðsluferðamennska. Skilgreiningin er þannig gerð að hún höfðar til mikils meirihluta ferðamanna og hefur því mikið aðdráttarafl. Þetta útskýrir m.a. gríðarlegar vinsældir jarðgarðanna undanfarin ár. Þar sem skilgreiningin höfðar til svo fjölbreytts hóps þá skapar hún sér ekki beint sérstöðu á markaði heldur bíður upp á eitthvað fyrir alla.

Í bókinni Geotourism (2006) eftir þá Ross K. Dowling og David Newsone er jarðferðamennskan skilgreind á allt annan hátt. Þeir telja að þrengja beri skilgreininguna til þess að búa til sérstaka vöru sem hefur sérstöðu á markaði sem höfðar þá til þrengri hóps ferðamanna. Þeir vilja binda skilgreiningu jarðferðamennsku eingöngu við staði sem eru einstakir hvað varðar jarðfræði og landmótunarfræði. Þeir leggja þá áherslu á staði sem hafa yfir að ráða landsvæði sem er einstakt jarðfræðilega og varðveitir t.d. steingervinga, sögu landmótunnar og flókin steinefnasambönd. Ferðamennska á þess konar svæðum ætti

að vera aðgerðarlaus skemmtun þar sem fólk kemur til að skoða og læra að meta þessi fyrirbæri. Með því að læra um náttúrunna og á sama tíma njóta hennar með því að ferðast um hana og leysa ýmis verkefni. Þá kemur einnig til greina að byggja á svæðunum bæði gistirými fyrir ferðamenn og aðstöðu til að skoða náttúrunna svo lengi sem það sé gert undir ströngu eftirliti.

Samkvæmt Dowling og Newsome (2006) eru aðrar tegundir ferðaþjónustu sem eiga að einbeita sér að menningu, menningararfi eða dýralífi en þær eru allt annar hlutur ferðaþjónustu. Jarðferðamennska á að vera ferðaþjónusta sem er eingöngu miðuð að einstökum fyrirbærum í jarð- og landmótunarfræðum. Jarðferðamennskan á ekki að teygja anga sína út fyrir þá skilgreiningu. Þar sem jarðferðamennska fer fram í náttúrunni telja þeir að best sé að flokka hana sem grein innan vistvænnar ferðaþjónustu. Jarðferðamennska er því ekki sjálfstæð tegund ferðaþjónustu heldur hluti af stærri heild. Innan heildarinnar þarf þá líka að vera grein fyrir menningar tengda ferðaþjónustu sem og náttúruferðamennsku, því augljóslega skapast menning í kringum þá staði sem jarðferðamennska einbeitir sér að (Dowling og Newsome, 2006). Heildin sem nær utan um alla þessa geira ferðaþjónustu gæti þá verið kölluð vistvæn ferðamennska sem gæti þá verið hluti af einhverju stærra t.d. sjálfbærri ferðamennsku.

Áherslumunurinn á þessum tveimur skilgreiningum er fyrst og fremst falin í því hversu sérstök varan á að vera fyrir viðskiptavininn. Þrátt fyrir að vera tiltölulega ný af nálinni hefur jarðferðamennska reynst vel og hefur notið gríðarlegra vinsælda í Asíu, Suður- og Norður Ameríku og núna upp á síðkastið í Evrópu. Stærsta tengslanet jarðferðamennsku í Evrópu, EGN, nær yfir 35 jarðgarða í 14 löndum. Í þessum gördum styðjast flestir við skilgreiningu EGN um jarðferðamennsku og hún hefur vissulega sannað sig sem aðráttarafl. Vandamálið við þá skilgreiningu er að slík nálgun á ekki alltaf við sérstaklega fyrir lítil svæði sem eru jarðfræðilega sérstök og þola ekki mikinn ágang ferðamann, við þessar aðstæður þá þarf að þrengja skilgreininguna. Með það fyrir hendi að stjórna ferðamannastraumnum og um leið að gera staðinn að vel skilgreindum og einstökum áfangastað fyrir ferðmenn. Þetta leiðir til þess að þrengri hópur ferðamanna heimsækir staðinn sem er líklegri til að koma aftur vegna þessa sérstaka aðráttarafls sem er í boði. Í tilvikum sem þessum hentar betur að notast við skilgreiningu Dowling og Newsome (2006) sem gerir það að verkum að ferðamenn koma eingöngu til að upplifa jarðfræðilega eiginleika staðar.

Helsta gagnrýni sem komið hefur fram gagnvart þessari tegund ferðamennsku er að skilgreining starfseminnar verður of viðfangsmikil. Þetta hefur leitt til þess að menn hafa haldið því fram að jarðferðamennska sé enn ein útfærsla af sjálfbærri ferðamennsku. Patrick T. Maher (2007) bendir á að helsti galli jarðferðamennsku sé hversu mismunandi hún er skilgreind. Í gagnrýni hans kemur fram að hann telji að skilgreining EGN á jarðferðamennsku sé til þess fallin að búa til ný fræðiheiti yfir ríkjandi hugtök s.s. sjálfbæra ferðamennsku og náttúruferðamennsku. Skilgreiningin er svo víð að hún fer nánast í hring, hún fer frá því að vera eitthvað sérstakt, út í að taka svo mikið tillit til allra þátta samfélagsins að hún missir tilgang sinn; með því að reyna að vera allt verður hún að engu. Hér á Maher sérstaklega við EGN skilgreininguna, þar sem jarðferðamennska einbeitir sér of mikið af öllum hugsanlegum hlutum samfélagsins að tilgangur hennar tynist. Aftur á móti hefur Maher meiri trú á því að skilgreina jarðferðamennsku sem sérstaka vöru sem skilur sig frá líkum tegundum ferðaþjónustu, á sama hátt og Dowling og Newsome (2006).

Eitt af því mikilvæga sem jarðgarðar almennt stuðla að, samkvæmt EGN, er samvinna við heimamenn og með því samstarfi er unnið markvisst að því að efla staðbundna hætti samfélagsins. Hvort sem það felst í því að styrkja samfélagið efnahagslega eða samfélagslega. Það er því lögð áhersla á grasrótastarfsemi sem er

mikilvæg til að viðhalda staðnum og staðbundinni menningu. Slík uppbygging tekur langan tíma en hugmyndin er að slík uppbygging viðhaldi sér og vaxi vel í samræmi við samfélagið.

Slík grasrótastarfsemi byggir á „þróun að neðan“ (e. development from below) þar sem skoðanir og hugmyndir heimamanna eru settar í forgang og fá meira svigrúm en áður. Heimamenn tengjast þá beint þróun verkefnis og samræmist verkefnið þá skoðunum þeirra og tilfinningum. Hugmyndin er sú að þetta svæði tilheyrir þeim og því eiga þeir að tala sinni rödd í verkefninu. Þessi stefna tekur meiri tíma heldur en að byggja upp án þess að hafa heimamenn með í ráðum en skilar sér í því að heimamenn eru ánægðari með afraksturinn. Því ánægðari sem þeir eru því meiri líkur eru á því að reksturinn gangi (Potter, ofl., 2008).

Í jarðferðamennsku er mikið lagt upp úr því að efla náttúruvitund ferðamannsins og upplýsa hann um hverskonar áhrif hann getur haft á náttúruna og vistkerfið með breyttri ferðahegðun. Innan garðanna eru söfn, vinnustofur, skipulagðar ferðir og námskeið sem hafa það hlutverk að mennta ferðamanninn og um leið skemmta honum (Dowling og Newsome, 2006, European Geoparks Network, 2008). Um leið og verið er að styrkja ferðamanninn þá er líka verið að bjóða honum upp á það sem hann kom til þess að fá. Auðvitað hafa ekki allir ferðamenn áhuga á slíkri ferðamennsku en nýleg rannsókn um ferðahegðun í Bandaríkjunum gefur í skyn að um er að ræða stóran hóp sem áhuga hefur á slíkri ferðamennsku. Alls tóku 8000 manns þátt í könnuninni og allir voru yfir 18 ára. Þar segir að allt að 71% ferðamanna finnst mikilvægt að ferðir þeirra valdi ekki skaða á umhverfinu. Auk þess voru 61% sem sagði að ferðalagið þeirra væri betra ef ferðamannastaðurinn héldi náttúru, menningu, sögur og öðrum aðdráttaröflum ósködduðum. Að lokum kemur fram að hægt er að flokka allt að 55.1 milljónir Bandaríkjamanna af þeim 154 milljónum sem ferðast sem jarðferðamenn (Travel Industry Association of America, 2002). Samkvæmt þessu er heldur betur góður grunnur fyrir jarðferðamennsku.

Jarðfræðileg sérstaða Íslands gerir það að kjörlendi fyrir slíka ferðamennsku og reynsla frá nærliggjandi löndum hefur sýnt að þeir geta haft jákvæð áhrif á staðbundið samfélag. Ef til vill er þetta tækifæri fyrir landsbyggðina til að varðveita menningu sína og náttúru og um leið efla innvið samfélagsins. Ef hægt er að styrkja minni samfélög með uppbyggingu slíkra garða þá er um að gera að líta betur á þetta tækifæri, því stöðug fólksfækkun á landsbyggðinni segir það að við höfum ekki tímann með okkur í liði.

2.3 Þróun ferðaþjónustu

Hér í þessum kafla mun ég fara yfir tengslanet og nýsköpun m.t.t. þróunar ferðaþjónustu. Tengslanet hafa ekki verið gaumgæfilega rannsökuð í ferðaþjónustu vegna þess að í fyrsta lagi er ferðaþjónusta mjög hreyfanleg atvinnugrein, sem gerir rannsakendum erfitt fyrir að staðsetja hana sérstaklega. Í öðru lagi vegna þess að hagræn landfræði hefur einblínt á framleiðsluþætti og sett fram kenningar um tengslanet á þeim grundvelli. Í þriðja lagi hefur komið í ljós að ferðaþjónustufyrirtæki hafa ekki notfært sér staðbundin tengsl sín á milli til hagnýtingar, þó svo grundvöllur sér fyrir því (Gunnar Þór Jóhannesson, 2005).

Hér mun ég fara yfir nokkrar kenningar tengslaneta og sem gætu hentað ferðaþjónustuaðilum í framþróun sinni. Þar sem tengslanet og nýsköpun virðist haldast í hendur mun ég einnig fara yfir mikilvægi nýsköpunar í þróun áfangastaða.

2.3.1 Tengslanet nýsköpunar

Hugtakið tengslanet er notað yfir flókið net samskipta á milli hagsmunaaðila. Lynch og Morrison (2007) skilgreina tengslanet sem félagslega formgerð sem gera fyrirtækjum kleift að byggja nægjanlega mikið traust til þess að deila með sér framleiðslu eða þróun vöru. Tengslanetið virkar þannig að þeir sem hafa aðgang að því koma staðbundinni þekkingu eða hugmyndum af stað í hringrás tengslanetsins og í því miðla aðilar tengslanetsins þekkingu sinni á milli sín. Sökum þess hversu hreyfanleg þekkingin er í hringrás tengslanetsins staðnar hún ekki heldur vindur hún upp á sig. Tengslanet eru ekki staðnaðar formgerðir heldur virk hringrás þekkingar sem leiðir til nýsköpunar (Gunnar Þór Jóhannesson, 2005).

Nýsköpun er mikilvæg fyrir framþróun á öllum sviðum atvinnulífsins og er ferðaðþjónustan engin undantekning. Ef skapa á sérstöðu á markaði er nauðsynlegt að leggja áherslu á nýsköpun. Í kjölfar nýsköpunar dregur viðkomandi vara að sér athygli og skapar sér sérstöðu á markaði. Schumpeter (1961) skilgreinir nýsköpun sem nýja leið til að sameina efni og krafta til að framleiða nýja vöru eða bæta gæði hennar. Ný aðferð framleiðslu verður þá til að nýir markaðir opnast. Í heimi hnattvæðingar er því mikilvægt fyrir ferðaðþjónustu að leggja aukna áherslu á virka nýsköpun til að halda í við kröfur ferðamanna um nýja upplifun fjölbreytileika áfangastaða (Sörensen, 2007). Markaðurinn fyrir ferðalög er orðin svo gríðarlega stór og eftirspurn eftir afþreyingu verður sífellt meiri. Til þess að halda í við ferðamenn er nauðsynlegt fyrir ferðaðþjónustufyrirtæki að aðlaga sig breyttri ferðahegðun ferðamanna. Því er mikilvægt fyrir þau að geta boðið upp á nýja tegund upplifunar og afþreyingar fyrir ferðamenn til að endurskapa aðdráttarafi staðar.

Til að stuðla að virkri nýsköpun er nauðsynlegt að gera það á markvissan hátt, því hún verður ekki til að sjálfu sér. Eins og áður hefur komið fram stuðlar hringrás þekkingar í tengslanetum að frumkvöðlastarfsemi og þ.a.l. nýsköpun. Nýsköpun felst oft í því að tengja saman þekktu hluti á nýjan hátt og leiða saman ólíka hugmyndir. Það er því starf frumkvöðulsins að kanna þessar leiðir og skynja þá hagkvæmi sem verður í kjölfar nýsköpunar (Axel Hall o.fl., 2002). Í fyrstu var haldið fram að frumkvöðlar væru virkir hugmyndasmiðir sem kynntu hugmyndir sínar og nýsköpun fyrir markaði. Þegar betur var að gáð þá var það ljóst að frumkvöðlar kynntu ekki bara nýsköpun sína fyrir markaði heldur voru þeir í fararbroddi í markaðsþróun fyrirtækja. Það voru þeir sem voru í forsvari aukinnar útbreiðslu vöru og því í yfirburðastöðu (Schumpeter, 1947).

Kenningin um félagslegt tengslanet heldur því fram að nýsköpun verði helst til í samskiptum tengslaneta þegar þau skiptast á upplýsingum sín á milli (Ahuja 2000). Ekki hefur verið lögð mikil áhersla á rannsóknir tengslaneta í ferðaðþjónustu eða notagildi þeirra við sjálfbæra þróun. Sörensen (2007) tekur fram í rannsókn sinni að ferlar félagslegs tengslanets geti ekki útskýrt að öllu leyti þá nýsköpun sem á sér stað í ferðaðþjónustu. Aðallega sökum þess hversu erfitt er að koma á staðlaðri mynd tengslanets fyrir ferðaðþjónustu, því ekki er hægt að læra mikið af því að bera saman mismunandi áfangastaði sökum þess hve ólíkir þeir eru. Samt sem áður tengjast ferðaðþjónustuaðilar hver öðrum innbyrðis á beinan eða óbeinan hátt og í því neti verður á einhvern átt til nýsköpun sem vert er að rannsaka betur (Sörensen, 2007). Því er mikilvægt fyrir fyrirtæki að leggja áherslu á bæði virka nýsköpun og koma á öflugum tengslaneti. Í samstarfi eru meiri líkur á því að aðilar hjálpist að við að ná markmiðum eins og sjálfbærri þróun þar sem samvinna við samfélagið er lykilatriði.

2.3.2 Tengslanet í ferðaþjónustu

Tengslanet og þróunarferli ferðaþjónustu hefur lítið verið rannsökuð hingað til, þrátt fyrir að ferðaþjónusta sé orðin viðurkennd sem einn stærsti atvinnuvegur í heimi. Víða er ferðaþjónustan markaðssett sem leið til þess að styrkja atvinnulíf og byggðarþróun. Þar sem ferðaþjónustan er orðin eins veigamikil og raun ber vitni þá vakna spurningar um hvert þróunarferli hennar sé. Reynt hefur verið að yfirfæra tengslanet viðskipta yfir á ferðaþjónustu með misjöfnum árangri. Það er einkum sökum þess hversu langt ferðaþjónusta teygir anga sína í hina ýmsu geira atvinnulífsins.

Uppbygging viðskiptatengsla í gegnum tengslanet getur verið mjög arðbær bæði fyrir stór og smá fyrirtæki. Tengslanet hjálpar fyrirtækjum að ná yfir stærri svið og víðari markhópa og því getur það verið orsök hagvaxtar þegar vel tekst upp. Ef fyrirtæki koma upp farsælum tengslanetum við önnur fyrirtæki getur það hjálpað báðum aðilum að sérhæfa sig í framleiðslu sinni, þ.a.l. búa til betri vöru fyrir viðskiptavin og hugsanlega laðað að fleiri vegna yfirburða vörunnar (Sörensen, 2007). Tengslanet gegna ekki eingöngu lykilhlutverki í að búa til sem besta vöru á markaði heldur geta þau líka komið sér að góðum notum við markaðssetningu. Gott orðspor getur verið mjög mikilvægt fyrir markaðssetningu, sérstaklega ef tengslanetið er stórt og nær yfir margar atvinnugreinar (Timur og Getz, 2008). Þessi leið fyrirtækjaþróunar er á vissan hátt hægt að yfirfæra á sum ferðaþjónustufyrirtæki. Það sem flækir málið er að ferðaþjónustufyrirtæki eru ekki eingöngu að selja vöru heldur einnig upplifun. Þá gætum við hugsað til kenningar um félagslegt tengslanet þegar við hugsum til framþróunar ferðaþjónustufyrirtækja.

Félagslegt tengslanet leggur grunn að sambandi ólíkra aðila sem felur í sér traust og er grunnur samvinnu þessara hópa eða einstaklinga. Samskipti og samvinna þeirra sem bjóða fram þjónustu sína og þeirra sem nýta sér hana getur verið mikilvægur hlekkur í framþróunarferli þjónustufyrirtækja. Félagsleg tengslanet tengir fólk saman við t.d. náttúru, staði og hluti og gefur þeirri tengingu visst gildi. Í kjölfar tengsla þessara hópa myndast félagslegur auður í samfélaginu sem hjálpar því að vinna sem heild og yfirstíga samfélagsleg vandamál (Bærenholdt & Aarsæther, 2002). Félagsleg tengsl milli mismunandi hópa samfélagsins sameinar það og styrkir innviði þess í gegnum samskipti og samvinnu. Einnig stuðlar öflugt félagslegt tengslanet að virðingu á milli hagsmunaaðila, persónulegri markaðssetningu, opnar nýja markaði og stuðlar að nýsköpun (Tourism and Community Development Solutions, 2007). Í tengslanetum er ævinlega einhverjir gerendur sem skapa tengslin, þeir skapa og móta net með gjörðum sínum og ákvörðunum. Að því gefnu geta þeir því skapað staði út frá gjörðum sínum. Því gæti verið möguleiki að sjá framþróun ferðaþjónustu í gegnum kenningu gerendanets m.t.t. uppbyggingar staðar.

Gerendanetskenningin einblínir á þá vinnu sem felst í því að skapa tengslanet og þau samskipti aðila sem skapa og endurskapa tengsl. Þau tengsl geta síðan vakið áhuga á mótun staðs til ferðaþjónustu t.d. byggingu safns á stað sem er sögufræðilega merkilegur. Gerandinn í netinu er þannig tengslanetið sem búið er til úr ólíkum hlutum. Gerendur búa til tengslanet og tengslanet búa til gerendur, gerendanet geta því enst en þau eru ekki endanleg (Gunnar Þór Jóhannesson, 2005). Kenningin um gerendanetið leggur mesta áherslu á að lýsa gjörðum gerenda án þess að útskýra þær beint og lýsir þá þeirri hreyfingu sem verður til á milli staða og gjörða leikmanna. Hreyfanleiki er undirstaða netsins sem grundvallast af þeirri þýðingu sem gerendur leggja í það. Án hreyfanleika gerenda yrði ekki net og því enginn staður. Kenningin um gerendanet er því hægt að nota til að útskýra tilurð og framþróun áfangastaðar. Vegna þess að kenningin leggur mesta áherslu á að lýsa gjörðum gerenda á þess að festa þær í staðlað form. Þess í stað aðhyllist gerendanetskenningin veika þekkingarfræði þar sem markmiðið er að lýsa og búa til leiðir

sem viðhalda hreyfingu staðar (Gunnar Þór Jóhannesson, 2005). Sem er einmitt það sem nútímaáfangastaður þarf að tileinka sér til þess að svara eftirspurn ferðamanna um sífellt nýja upplifun.

Eftir því sem fleiri bætast í tengslanetið þeim öflugra verður það, t.d. í þróun áfangastaða getur reynst vel að hafa sjónarmið og reynslu úr mismunandi geirum til að fá fjölbreytt sjónarmið. Svo hægt sé að huga að öllum mögulegum útkomum breytinganna. Öflugt tengslanet getur því verið lykill fyrir staðnaða atvinnugeira til þess að koma sér af stað eða ganga í endurnýjun lífdaga með þeirri nýsköpun sem oft fylgir tengslanetum.

Auðvitað þarf að mörgu að huga áður en farið er út í sköpun tengslaneta og ekki geta hverjir sem er farið í samstarf. Mikilvægi tengslaneta fyrir grein eins og ferðaþjónustu er margþætt enda teygir ferðaþjónusta arma sína inn í marga geira atvinnulífsins. Eftir því sem atvinnugreinin nær til fleira fólks og geira verður tengslanetið flóknara og erfiðara að rannsaka. Tengslanet jarðferðamennsku og akademískrar ferðaþjónustu hefur möguleika til að styrkja báða geira til muna. Með öflugum tengslaneti geta þessar tvær tegundir ferðamennsku starfað saman á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í átt að þróun staðar.

2.3.3 Tengslanet akademískrar ferðaþjónustu og jarðferðamennsku

Grunnur fyrir tengslanet á milli þessara tveggja greina ferðaþjónustu liggur í augum uppi. Akademísk ferðaþjónusta stendur fyrir fræðandi ferðaþjónustu út frá upplifun ferðamannsins og reynslu hans af stað. Er hún stunduð í sátt og samlyndi við náttúru og lífríki svæðis sem og að gefa af sér til hins staðbundna samfélags sem hún er stunduð á. Akademísk ferðaþjónusta stendur fyrir verndun og/eða rannsóknum á jarðfræði, líffræði, fornleifafraði, umhverfisfræði og ferðamálafræði (Aðalsteinn J. Halldórsson, 2005). Eitt af markmiðum akademískrar ferðaþjónustu er að stuðla að ferðaþjónustu sem skaðar ekki staðbundið umhverfi eða menningu heldur viðheldur henni og styrkir. Umhverfisleg og samfélagsleg velferð er í fyrirrúmi, um leið og unnið er í átt að sjálfbærni og virkja staðbundinna atvinnuvega t.d. gistingu, ferðamáta og aðra þjónustu. Tengslanet akademískrar ferðaþjónustu felst aðallega í upplýsingastreymi á milli fræðistofnana eða setra og háskóla, þar sem reynslu og þekkingu er miðlað á milli.

Jarðferðamennska stendur á keimlíkum grunni og akademísk ferðaþjónusta. Megin markmið hennar eru að stuðla að sjálfbærri þróun og verndun landfræðilegs menningararfs s.s. umhverfi, menningu og staðbundins samfélags (European Geoparks Network, 2008). Tengslanet jarðgarða, Global Geoparks Network, er hnattrænt tengslanet sem öllum jarðgörðum er velkomið að sækja um aðild að. Innan þess er lögð mikil áhersla á gæðakröfur um þjónustu, samnýtingu í skipulagi og þróun þar sem upplýsingaflæðið milli garða miðlar reynslu og þekkingu sem og að stuðla að sjálfbærri þróun í gegnum þróun jarðferðamennsku. Rekstur garðanna er unnin í samvinnu við UNESCO þar sem sérfræðingar fara yfir alla starfsemi og sjáum að hún fari eftir yfirlýstum markmiðum Global Geoparks Network (European Geoparks Network, 2008).

Báðir geirar ferðamenskunnar vilja vinna í átt að sjálfbærni og eiga margt sameiginlegt eins og sést. Sökum þess hversu leiðin að sjálfbærni verður sífellt mikilvægari áfangastaður fyrir ferðaþjónustu þá liggur best við að sameina þá sem hafa sett sér það sem markmið. Að mínu mati er ekki spurning um hvort heldur hvenær þessi geirar myndi tengslanet sín á milli og sameinist í leið að sameiginlegum markmiðum. Tengslanetið yrði því fyrst og fremst félagslegt og mjög persónulegt í kjölfarið.

3 Bárðardalur

Á Norð-Austanverðu Íslandi er sveitarfélag sem kallað er Þingeyjarsveit, í henni er afskekktur dalur sem ber nafnið Bárðardalur. Í dalnum hefur verið búið frá því að elstu menn muna og dregur hann nafn sitt af Bárði Heyangurs-Bjarnasyni sem var fyrstur ábúanda í dalnum samkvæmt Landnámu (Bárðardalur, á.á. a). Til að mynda eru til ritaðar heimildir um búskap allt frá 1670. Dalurinn var áður talinn vera sá lengsti á landinu er hann náði frá Mjóadal í suðri allt til Skjálfandaflóa í norðri. Frá árinu 1907 var Bárðælahreppur sjálfstætt sveitarfélag en núna nýlega hefur hann verið sameinaður ásamt öðrum hreppum á svæðinu og er hann núna hluti af Þingeyjarsveit. Bárðardalur teygir sig í um 45 km frá norður til suðurs. Í mynni hans er Goðafoss en Skjálfandafljót rennur í gegnum dalinn og skiptir honum í tvennt. Dalurinn hefur yfir að ráða langri sögu og heimildir segja frá harðri baráttu manns og náttúru. Í gegnum þessa baráttu skapaðist mikill menningararfur sem varðveist hefur vel í dalnum.



Mynd 1 Goðafoss er staðsettur í mynni Bárðardals og er einn dádasti foss landsins (FossHótel, á.á.)

Sýn manns og samspil hans við náttúru skapar athyglisverðar heimildir, hefðir og siði sem vert er að upphefja með einhverjum hætti. Þar má nefna þjóðsögur um útilegumenn í Ódáðahrauni og ævintýrlega baráttu og nálægð manns við móður náttúru. Dalurinn kemur einnig við sögu í afar sérstakri sögu af Gnúpa-Bárði sem hægt er að finna í Landnámu og öðrum fornum ritum. Hægt er að draga upp nákvæma og skýra mynd frá mannlífi og menningu dalsins frá 19.öld með hjálp dagbóka Jóns Jónssonar frá Mjóadal og gagna Tómasar Jónssonar frá Hriflu sem bjó í Bárðardal um skeið. Auk þess er hægt að rekja drjúgan hluta vesturferða íslendinga í dalinn þar sem 40 manns fluttust þaðan sumarið 1873 til Brasilíu og Norður Ameríku. Persónur á borð við Stephan G. Stephansson og Halldór Laxness höfðu tengsl við dalinn, sá fyrnefndi bjó einmitt í dalnum í 3 ár áður

en hann lagði land undir fót og fór vestur (Svartárvot, á.á.a). Árið 1948 ferðaðist Halldór Laxness um dalinn ásamt Jóni Helgasyni. Í ferð sinni um dalinn komu þeir við í Svartárvoti, þar kynntust þeir Kára Tryggvasyni bónda og ljóðskáldi. Halldór er sagður hafa dáðst af menningarsögu dalsins, sérstaklega sögum af útilegumönnum í Ódáðahrauni. Halldór og Kári skrifuðust á um skeið, Kári sendi honum m.a. ljóðasafn sitt, Yfir Ódáðahraun, sem Halldór þakkaði honum seinna fyrir. Tignarleg náttúra Bárðardals er því mikið aðdráttarafl, byggð nær alveg að rötum hálendis Íslands upp að Ódáðahrauni (Svartárvot, á.á. b).



Mynd 2 Svartárvotn með Sellandafjall í bakgrunni (Svartárvot, á.á.b)

Landbúnaður er megin atvinnuvegur Bárðardals og hefur verið frá því að hann byggðist. Sem mestmegnis byggist á sauðfjárbúskap einum og sér eða blönduðum búskap sauðfjár og kúa. Þar er nú einnig að finna hamsabræðslu þar sem útikerti og tólg eru búin til og í félagsheimili dalsins, Kiðagili, er gístaðstaða sem er seld ferðamönnum á sumrin. Á veturna er Kiðagil notað sem skólabúðir, þær bjóða upp á fjölbreyttar pakkalausnir fyrir grunnskóla sem gagna út á skapandi starf og frumvæði. Kiðagil var áður grunnskóli fyrir börn í Bárðardal en árið 2003 var hann lagður niður. Í dag eru aðstæður dalsins vonandi að breytast til batnaðar með aukinni áherslu á ferðamennsku, þar sem Svartárvotsverkefni er í fararbroddi. Ferðaþjónusta svæðisins samanstendur af vinnubúðum þar sem heimamenn kenna ferðamönnum gamla siði og hefðir, hægt er að kaupa veiðileyfi í ár dalsins og leigja sumarhús. Farið er að leggja meiri áherslu á gönguferðir um dalinn, þær geta verið allt frá fáeinum klukkutímum til fimm daga. Gönguferðirnar eiga að hafa allt innifalið s.s. mat, leiðsögn og aðra þjónustu þar sem hlutverk heimamanna er að þjónusta hópana. Aukin áhersla á ferðaþjónustu hefur gefið atvinnulífi svæðisins meiri fjölbreytni, ferðaþjónusta dalsins er hinsvegar mjög árstíðabundin enn sem komið er.

Byggði í dalnum verður sífellt strjálli með árunum og sökum einsleitrar atvinnu og lágs þjónustustigs hefur íbúum fækkað í dalnum. Fólk leitar meira í þéttbýliskjarna til að verða sér útum þá þjónustu sem það þarf. Þróun sem þessi er lýsandi fyrir þjónustusamfélagið sem við búum í dag, þar að segja að fólk flytjist úr sveitum í borgir eða þéttbýliskjarna til að leita að betri þjónustu eða fjölbreyttara atvinnulífi (Axel Hall o.fl., 2002). Þessar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið til þess að lítil sveitarfélög eins og Bárðardalur verða sífellt viðkvæmari og eiga það að hætta að leggjast í eyði hægt og rólega. Með því myndi mikill menningararfur og staðbundin þekking heimamanna á svæðinu glatast í kjölfarið. Því er mál til komið að snúa blaðinu við og einbeita sér að uppbyggingu sveita til að vernda byggð og dýrmætan menningararf.

Bærinn Svartárvot í Bárðardal er staðsettur við vesturenda Svartárvatns alveg við rætur Ódáðahrauns í 400 metra hæð yfir sjávarmáli. Bærinn er ein af afskekktustu bújörðum landsins og stendur hann innst í Bárðardal. Næsti bær er í 9 kílómetra fjarlægð. Búskapur hefur verið þar allt frá 1670 og kannski fyrir það en fyrstu heimildir um Svartárvot eru frá þeim tíma. Bærinn var upphaflega á suðurbakka Svartárvatns en var færður á núverandi stað árið 1860 vegna uppblásturs. Gamli bærinn er talin hafa verið reistur á eldra bæjarstæði sem menn telja vera allt frá árinu 1158.

Náttúrufegurð svæðisins er gríðarleg þar sem andstæður náttúrunnar koma skýrt í ljós. Eins og má geta sér til um er samspil manns og náttúru á svæðinu mjög náíð sökum einangrunar. Þar má sjá náttúruperlur á borð við Aldeyjarfoss, Dyngjufjöll, Bárðarbungu og síðast en ekki síst Herðubreið. Andstæður náttúrunnar eru vel sýnilegar í dalnum þar sem á sumrin lifnar hann við frá erfiðum og snjóþungum vetri. Þá grænka tún og vistkerfi vatnanna springa út í næsta nágrenni við grimmt Ódáðahraunið. Dýralíf er blómlegt, þá sérstaklega fuglalíf, þar verpa mikið af mófugli og vatna- og vaðfuglum. Þess má líka geta að við Svartárvot verpir himbrimi og húsönd sem verpa hvergi annars staðar í Evrópu nema í Mývatnssveit sem að er í næsta nágrenni. Einnig er einstakt gróðurfar í hrauninu og mikil jarðsaga sem hægt er að rannsaka út frá gjóskulögum svæðisins.



Mynd 3 Bæjarstæði Svartárvots í rótum Ódáðahrauns (Svartárvot, á.á.b).



Mynd 4 Herðubreið (Björn Böðvarsson, 2008)

Í Svartárkoti er fyrirhugað að byggja upp ferðaþjónustu sem byggir á nokkurskonar samblöndu af jarðferðamennsku og akademískri ferðamennsku. Þar á að nýta jarðfræðilega eiginleika landsins og staðbundna hætti í Bárðardal til að laða að akademíska ferðamenn. Grunnhugmyndin er sú að ferðamennirnir sækja alþjóðleg námskeið sem metin eru til eininga á háskólastigi. Í kringum það er síðan starfrækt almenn ferðaþjónusta fyrir hinn almenna ferðamann.

4 Aðferðir og gögn

4.1 Aðferðir

Gagnaöflun rannsóknarinnar fór fram dagana 14. október til 7. nóvember árið 2009. Á þeim tíma ferðaðist ég um landið og mælti mér móts við útvalda einstaklinga sem tengdust verkefninu. Rannsóknarvinnan fór fram í Bárðardal, Mývatnssveit, Húsavík, Akureyri og síðast Reykjavík. Undirbúningsvinna rannsóknarinnar hófst 15. september þar sem ég útbjó rannsóknaráætlun um tilgang og meginmarkmið hennar.

Við rannsóknir mínar notaðist ég við eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem ég taldi þá nálgun henta viðfangsefninu best. Rannsóknir mínar voru því í formi hálfstaðlaðra viðtala sem tekin voru upp og afrituð með samþykki viðmælanda. Viðtölin voru hálfstöðluð vegna fjölbreytileika viðmælanda. Til að halda rannsókninni innan tiltekins ramma fengu allir viðmælendur vissar kjarnaspurningar sem viðtalinu var síðan stýrt út frá, miðað við svör þeirra.

Ástæða þess að ég taldi viðtöl henta best fyrir rannsóknina var sú að viðtöl gefa skýra mynd af viðhorfum hvers og eins einstaklings fyrir sig. Sökum þess að viðfangsefni rannsóknarinnar var að komast að því hverskonar ferðaðþjónusta sé stunduð í Svartáarkoti var útilokað að komast að því á annan hátt heldur en með viðtölum. Samkvæmt Esterberg (2002) er markmið eigindlegra rannsókna að auka skilning á viðfangsefninu og út frá því eru viðmælendur sérstaklega valdir með það í huga hvernig þeir tengjast verkefninu. Við val á viðmælendum í þessari rannsókn var aðalmarkmiðið að öðlast sem dýpstan skilning á viðfangsefninu. Því var notast við markvisst úrtak (e. purposive strategy) þegar viðmælendur rannsóknarinnar voru valdir til að tryggja marktækni hennar yrði sem mest. Alls var rætt við sex manns sem allir tengjast verkefninu með einum eða öðrum þætti, þá er m.a. rætt við stofnendur Svartáarkots verkefnisins og frumkvöðul þess.

Rætt var við eftirfarandi aðila:

- Óla Halldórsson, forstöðumann Þekkingarseturs Þingeyinga.
Þekkingarsetur Þingeyinga er símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur þar sem 7 manns vinna allt árið. Auk þeirra starfa fjölmargir kennarar sem verktakar við námskeiðskennslu við setrið og háskólanemar vinna þar tímabundið við rannsóknarvinnu. Setrið er staðsett á Húsavík og Óli er forstöðumaður þess og annast daglegan rekstur í forsvari stjórnarinnar. Sem felur í sér að vinna að framgangi stefnumála stofnunarinnar, afla nýrra verkefna og sjá um fjárhag setursins. Menntun hans samanstendur af B.A. í heimspeki frá Háskóla Íslands og M.A. í umhverfisfræðum frá H.Í. og Middlesex University í London sem og Diploma í kennslufræðum til kennsluréttinda. Óli var einn af þeim sem sátu í stjórn Svartáarkots verkefnisins í upphafi þess árið 2006 en lét af störfum þar sökum hagsmunalegra árekstra.
- Gunnar Jóhannesson, Framkvæmdastjóri Dimmuborga í Mývatnssveit.
Gunnar er gríðarlega reyndur í rekstri ferðaðþjónustufyrirtækja hér á landi þar sem hann hefur verið í þeim bransa í allt að 25 ár. Áður en hann gerðist

framkvæmdarstjóri Dimmuborga þá vann hann í sjö ár hjá atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga þar sem hann var verkefnastjóri og ráðgjafi. Í starfi sínu hjá atvinnuþróunarfélaginu þá kom hann mikið að ferðamálum og stefnumótun þeirra, m.a. verkefninu í Svarárkoti.

- Guðrún Tryggvadóttir, kennari og bóndi í Svartárkoti í Bárðardal.
Sem barn ólst Guðrún upp í Svartárkoti og kláraði grunnskóla að Kiðagili. Að því loknu fluttist hún úr dalnum til að verða sér útum framhaldsnám og í kjölfarið leita á mið breiðari atvinnumöguleika. Guðrún fluttist aftur í Bárðardal árið 2005 með fjölskyldu sinni til að taka við búi foreldra sinna. Guðrún hefur verið með í verkefninu í Svartárkoti frá upphafi. Ásamt því að sinna búinu og kenna leggur hún gríðarlega vinnu í verkefnið þar sem hún kemur að öllum hliðum rekstursins og þróun þess. Hún hefur setið í stjórn þess frá upphafi og hefur lokaákvörðunarvald um framkvæmdir, stefnu eða afdrif verkefnisins, ásamt systur sinni Sigurlínu. Þær eru því máttarstólpar verkefnisins í dag og hafa lagt gríðarlega vinnu í að koma verkefninu eins langt og raun ber vitni á svo stuttum tíma. Framför verkefnisins er nánast alfarið í þeirra höndum.
- Sigurlína Tryggvadóttir ábúandi að Svartárkoti í Bárðardal og landfræðingur.
Eins og Guðrún þá ólst hún upp í Svartárkoti en fluttist þaðan til að verða sér út um menntun og fjölbreyttari atvinnutækifæri. Sigurlína er landfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur unnið fyrir Landgræðsluna undanfarin ár. Hún fluttist aftur í Bárðardal og settist að í Svartárkoti árið 2005 ásamt fjölskyldu sinni. Sama ár kom Viðar Hreinsson í heimsókn og kynnti hana fyrir hugmyndinni um ferðaþjónustu byggða á alþjóðlegu fræðasetri. Sigurlína hefur setið í stjórn verkefnisins frá því að það var sett á laggirnar og hefur líkt og Guðrún lokaákvörðunarvald um þróun og framkvæmdir þess.
- Viðar Hreinsson, Framkvæmdarstjóri ReykjavíkurAkademíunnar.
ReykjavíkurAkademían er aðsetur sjálfstætt starfandi fræðimanna í hug- og félagsvísindum. Markmið Akademíunnar er að vera tengiliður á milli ólíkra fræðigreina á háskólastigi, tengja saman kynslóðir innan fræðasamfélagsins sem og sameina fræði og listir. Það gera þeir með því að skipuleggja samkomur, fyrirlestra, halda myndlistasýningar og vera með mjög öflug rannsóknarstarf. Viðar er frumkvöðull Svartárkots verkefnisins og hefur setið í stjórn þess frá upphafi. Menntun hans samanstendur af BA gráðu í íslensku og bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og mag.Art. prófi í bókmenntafræði frá Hafnarskóla.
- Dr. Edward H. Huijbens, Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Ferðamála og dósent við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.
Rannsóknarmiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna í ferðamálafræðum á Íslandi. Miðstöðin er studd af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum Ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Tilgangur miðstöðvarinnar er að efla rannsóknir og menntun í ferðaþjónustu og auka þekkingu í tengdum greinum. Með það að leiðarljósi að styrkja samskipti atvinnulífs og háskólastarfs. Edward er þar forstöðumaður og sér um daglegan rekstur í forsvari stjórnarinnar. Hann er með B.Sc. gráðu í landfræði frá Háskóla Íslands auk MA prófs úr sama fagi. Einnig er hann með PhD í menningarlandfræði frá Durham háskóla.

Edward var sat einnig í fyrstu stjórn Svartáarkots verkefnisins frá 2006 og situr þar ennþá.

4.2 Gagnaöflun og úrvinnsla

Til að halda utan um skipulag rannsóknarinnar og auðvelda framkvæmd hennar og úrvinnslu var gerð rannsóknaráætlun þar sem markmið og tilgangur hennar voru sett fram. Undirbúningsvinna fyrir viðtöl fór þannig fram að ég las mér til um viðkomandi einstakling og reyndi að komast að því á hvaða forsendum hann tengdist verkefninu. Til að öðlast frekari skilning á verkefninu þá spurðist ég fyrir um það í Þingeyjarsveit, leitaði mér heimilda um það í fjölmiðlum og komst yfir útgefið efni frá sjálfu verkefninu.

Við val á viðmælendum var markmiðið að fá sem besta heildarsýn á verkefnið. Þá kynnti ég mér hverjir höfði verið í stjórn þess undanfarin ár og setti mig í samband við þá, sem og ég nýtti mér mín persónulegu tengsl innan verkefnisins. Haft var samband við hugsanlega viðmælendur í gegnum síma eða í formi tölvupósts. Við fyrstu viðmælendur var rætt um það bil tveimur vikum áður en viðtalið myndi hugsanlega eiga sér stað til að gefa viðmælendum nægan tíma til að undirbúa sig. Þá gerði ég þeim grein fyrir viðtalsefninu, markmiðum þess og af hverju viðmælendinn varð fyrir valinu.

Allir þeir aðilar sem ég hafði samband við gáfu sér tíma til þess að ræða við mig og miðla sinni reynslu og skoðunum varðandi verkefnið í Svartáarkoti. Sex viðtöl voru því tekin upp og afrituð, þau voru síðan notuð sem grundvöllur rannsóknarinnar. Niðurstöður hennar eru því, að stærstum hluta, byggðar á þessum viðtölum.

4.3 Vandamál

Engin stórvægileg vandamál komu upp í rannsókninni sjálfri, það eina sem væri hægt að kalla vandamál var það hversu viðmælendur mínir voru dreifðir um landið. Þar sem ég er búsettur í Reykjavík þurfti ég að ferðast talsvert mikið um landið til þess að ná þeim viðmælendum sem ég vildi. Allir þeir sem ég vildi taka viðtöl við voru til í að gefa sér tíma til þess að verða mér að liði og er ég mjög ánægður með útkomuna úr viðtölunum.

Þegar ég var fyrir norðan þá hafði ég einungis viku til þess að taka öll þau viðtöl sem ég þurfti sökum vinnu. Það hafði ekki neikvæð áhrif á verkefnið því að skipulagsvinna var unnin vel fyrirfram og engin viðmælendanna forfallaðist. Viðtölin sjálf gengu mjög vel og voru allt frá 40 mínútum til 80 mínútur.

Reynt var eftir fremsta megni að hafa hvert viðtal í samræmi við aðkomu viðmælanda að verkefninu og gæta hlutleysis í spurningum. Þegar viðmælendur fóru langt út fyrir ramma rannsóknarefnisins reyndi ég af fremsta megni að leiða þau aftur að rannsóknarefninu. Það kom örlítið niður á hlutleysi spurninganna en til þess að fá fram það sem sóst var eftir þurfti ég stundum að grípa inn í, sem var að mínu mati mikilvægara til að gæta fyllsta hlutleysis.

Tæknivandamál voru ekki það stórvægileg að þau hefðu áhrif á rannsóknina eða vinnslu hennar. Helstu tækniorðuleikar voru þeir að sum viðtölin var erfiðara að afrita en önnur, einu sinni gleymdist að kveikja á upptöku og í eitt skiptið fylltist minnið á upptökutækinu. Ofangreind vandamál höfðu ekki nokkur áhrif á verkefnið, sökum þess hversu smávægileg þau voru.

Öflun heimilda fyrir verkefnið var oft á tíðum erfið vegna þess að erfitt var að komast yfir útgefið efni um viðfangsefnið. Aðallega var það sökum þess hversu ný þessi tegund ferðaþjónustu er í heiminum og lítið hefur verið gert af rannsóknum um hana.

Auðvelt var að komast yfir efni sem tengdust viðfangsefninu á einhvern hátt s.s. tengslanet og nýsköpun.

5 Sambúð manns og náttúru

Þessi kafli mun verða þrískiptur þar sem ég mun segja frá tilurð Svartárkots verkefnisins í fyrsta kafla. Í öðrum kafla mun ég fara yfir það hverskonar ferðaþjónusta er í boði þar og loks í þriðja kafla um ég fara yfir framtíðarhorfur verkefnisins.

5.1 Tilurð Sambúðar manns og náttúru

Hugmyndina að alþjóðlegu menningarsetri í Svartárkoti fékk Viðar Hreinsson sem þá var starfsmaður Reykjavíkúrakademiunnar er hann heimsótti Bárðardal árið 2005. Þar hitti hann fyrir Sigurlínu Tryggvadóttur sem var ný flutt aftur í Svartárkot þar sem hún ólst upp. Viðar Hreinsson segir um upphaf hugmynda­rinnar:

„Þetta byrjaði þannig að sumarið 2005 að þá kom ég út á Svartárkot [...]og var bara eitthvað að spjalla við Sigurlínu og þá var ég nú að spyrja svona því að það var í umræðunni virkjunin í Skjál­fandafljóti. Sem að mér leist illa á og ég var að spyrja hver viðhorfin væru þarna í dalnum. Fór bara að velta því fyrir mér hvað væri hægt að gera til þess að fólk sæi að það væri ýmsir aðrir möguleikar til heldur en að stífla og virkja“.

Viðar bætir við að út frá þessi spjalli þeirra þá hefði hann áttað sig á að staðurinn væri einstakur því hann væri bókstaflaga á mörkum byggilegs lands. Viðar heldur áfram og segir:

„ég vissi að það var mjög margt hnýsilegt og væri vel hægt að tengja það við óbyggðirnar og jafnvel að búa til nýtt fræðasvið s.s. Sambúð manns og náttúru. Sem var hugmyndin sem ég fór af stað með“.

Í fyrstu var þetta eingöngu hugmynd sem kom út frá spjalli þeirra tveggja og ekkert benti sérstaklega til þess að hún yrði að veruleika þangað til Viðar fékk skyndilega stöðuhækkun og segir:

„ég ráðinn sem framkvæmdarstjóri Reykjavíkur Akademiunnar haustið eftir og þá fékk ég strax stuðning stjórnarinnar hér til að vinna að þessu. Hringdi í þær systur (Guðrúnu og Sigurlínu Tryggvadætur) til að tala við þær og ræða málið og þær voru bara nógu opnar fyrir svona fáránlegum hugmyndum til þess að við fórum að pæla þessu í fúlustu alvöru og fór ég að tala við ýmislegt fólk sem ég þekkti“.

Guðrún og Sigurlína voru afskaplega ánægðar með að hafa ákveðið að slá til og demba sér úti verkefnið með Viðari og Akademiunni. Í fyrstu voru þær nokkuð hissa á þessari hugmynd eins og Guðrún orðaði það:

„Viðar kom með þessa hugmynd og við vorum alveg bara gapandi fyrir henni. Fannst þetta vera svolítið mikið og stórt allt saman. Það tók alveg nokkrar vikur að melta þetta. Við ræddum þetta mikið, kosti og galla og hvernig við ætluðum að takast á við þetta verkefni síðan bara eftir nokkra daga þá bara ákváðum við að skella okkur í þetta“.

Með þessu þá er verkefnið komið af stað og undirbúningsvinna þess hefst. Viðar er farinn að notfæra sér sitt persónulega tengslanet innan háskólasamfélagsins til að kynna þessa hugmynd fyrir hugsanlegum liðsauka. Þegar hér er komið sögu hafði hugmyndin þróast í átt að uppbyggingu alþjóðlegs fræðaseturs sem myndi fela í sér það að notfæra sér einstaka náttúru svæðisins. Starfsemin myndi þá vera í formi námskeiða fyrir fræðimenn eða háskólanemendur sem yrðu síðan metin til eininga við framhaldsnáms á háskólasviði.

Einnig var hafist handa við að sækja um í nýsköpunarsjóði til að fá styrki til að koma verkefninu af stað. Það gekk frekar erfiðlega fyrir sig að fá fyrsta styrk verkefnisins, eins og Viðar segir:

„um haustið þá sóttum við um styrk til Impru nýsköpunarmiðstöðvar. Við sendum nokkrar umsóknir fyrir Svartárvot [...] stjórn sjóðsins var búin að gefa afsvar og hafna þessu verkefni en Iðnaðarráðherra þá ,Valgerður Sverrisdóttir, átti síðasta orðið. Hún breytti þessari ákvörðun og við fengum hálfa milljón í styrk“.

Fyrir þá peninga var fenginn maður til að útbúa viðskiptaáætlun fyrir verkefnið og síðan var afgangurinn notaður til þess að halda vinnufund fyrir verkefnið sumarið 2006 sem haldin var í Svarárvoti. Fundurinn stóð yfir í tvo daga og á hann voru boðaðir allir þeir sem höfðu sýnt áhuga á verkefninu t.d. Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Þingeyinga og Edward Huijbens forstöðumaður ferðamálaseturs Akureyrar. Á þessum fundi voru aðstæður skoðaðar og hugmyndin ítarlega rædd og endurbætt. Edward segir t.d. um þennan fyrsta fund:

„á þeim fundi förum við túr um svæðið [...] það eiginlega keyrði "konseftið" inn í hugann á mér sko. Grunnhugmyndin eins og Viðar kynnti hana það var þetta sem mörk manns og náttúru sko. Þau eru ákaflega skýr þarna, þú eiginlega sérð akurinn, túnin á bænum svo bara enda þau og við tekur bara Ódádahraun og ekkert flóknara en það“.

Edward heldur áfram og talar um fræðilega nálgun hugmyndarinnar:

„Þarna eru kominn á ákveðin mörk sem eru bara mjög skýr og landfræðin náttúrulega hefur alla tíð leikið sér einmitt með þetta, skilin milli manns og náttúru og þetta samspil manns og náttúru á yfirborði jarðar. Jarðfræðin er kannski ofani í jörðinni á meðan mannfræðin er svona í fólkinu og landræðin nær að „díla“ við nákvæmlega þetta. Hvernig ferlar náttúru og samfélagsins tvinnast saman og móta það sem þú sérð. Þannig að þetta meikaði „sense“ fyrir mig strax“.

Eftir fundinn þá var félagið *Svartárvkot, menning og náttúra* stofnað, það félag hefur síðan haft umsjón með þessu verkefni, stofnendur og meðlimir í fyrstu stjórn félagsins voru Guðrún Tryggvadóttir, Viðar Hreinsson og Óli Halldórsson þeim innan handa voru síðan Sigurlína Tryggvadóttir og Edward H. Huijbens. Eitt af þeim markmiðum sem sett voru á fundinum var að reyna að halda kynningarnámskeið sumarið 2007 til þess að prufukeyra hugmyndina (*Svartárvkot, á.á., a*). Viðar hélt því áfram að sækja um styrki til þess að fjármagna það námskeið og segir:

„um haustið þá sóttum við um styrk á fjárlögum og við fengum þá fimm milljónir sem að við notuðum til þess að vinna áfram með viðskiptahugmyndina og líka til þess að halda það sem við kölluðum „demo“ námskeið 2007. Sem sagt að halda viku námskeið í Kiðagili þar sem við erum til bráðabyrgða og við buðum þangað háskólakennurum og fræðimönnum allstaðar að úr heiminum til að koma og þau fengu s.s. að nota styrkinn til að greiða fyrir upphald á staðnum og greiða fólki fyrir að vera með fyrirlestra og þannig“.

Rúmlega helmingur styrksins var notaður til þess að halda námskeiðið, sem stóð yfir dagana 19.-25. júní 2007 og á það mættu 26 háskólanemar frá 8 löndum. Heppnaðist það þrýðilega vel og hafði það jákvæð áhrif á verkefnið. Í lok þess var haldin vinnufundur með stjórn Svartárvkots og nemendum námskeiðsins. Fundurinn var haldin til þess að fá viðbrögð nemenda við námskeiðinu. Var þetta mjög fjölbreyttur hópur af fólki úr umhverfisfræðum, umhverfisheimspeki og íslenskum fræðum, sem hjálpaðist að við að útfæra hugmyndina enn betur. Í kjölfarið var ákveðið að hefjast handa við undirbúning þriggja fullburða námskeiða að Kiðagili árið 2008 (*Svartárvkot, á.á., a*).

Því miður fékkst ekki nægileg þátttaka til að halda þau en það fengust nemendur úr Edinborgarháskóla til að koma um sumarið. Það námskeið var meira í líkingu við samstarfsnámskeið þar sem að Svartárvkotsfólk stóð fyrir skipulagningu vettvangsferða og námskeiða í samstarfi við kennara stúdentahópsins. Þar kom í ljós annað tækifæri til viðbótar við upprunalegu hugmyndina. Það að segja að bjóða upp á þjónustu við hópa sem hafa áhuga að koma og læra um svæðið á eigin vegum.

Fyrir árið 2009 voru skipulögð þrjú námskeið þau voru Íslenska landafræði (e.Iceland Geography), Staðbundin Menning (e.Writing Local Cultures) og að lokum Staðbundið Umhverfi – Hnattrænar Afleiðingar (e.Local Environments – Global Impacts). Þau voru á dagskrá í júní og júlí 2009 og stóð hvert námsekið yfir í heila átta daga. Heppnust þau vel og gáfu góð fyrirheit um það sem koma skildi. Svo vel hefur gengið að fyrir sumarið 2010 er búið að fullskipuleggja heil níu námskeið sem metin verða til háskólanáms á MA/MSc og PhD stigi. Fimm af þessum níu námskeiðum verða haldin í og við Svartárvkot, hin fjögur námskeiðin eru samstarfsverkefni sem fara fram annarsvegar á Seyðisfirði og hinsvegar í Bjarnarfirði (*Svartárvkot, á.á.,b*).

Af þessu má ætla að verkefni gangi vel fyrir sig og vaxi ár frá ári. Auðvitað er þetta ennþá mjög nýtt verkefni og í mótun. Þrátt fyrir það virðist framtíðin björt ef haldið verður áfram á þessari braut. Verkefnið hefur þróast frá því að vera hugmynd í það að vera brautryðjandi á þessu sviði ferðaþjónustu á Íslandi.

5.2 Ferðaþjónustan að Svartárvkoti

Þá ferðaþjónustu sem á sér stað í Svartárvkoti er erfitt að skilgreina á einfaldan hátt. Þar er eins og áður hefir komið fram ferðaþjónusta fyrir almenna ferðamenn sem er byggð upp á

vinnubúðum þar sem gamlir siðir og handbragð eru kennd. Þá þjónustu myndi ég skilgreina sem menningartengda ferðaþjónustu því hér er verið að vinna með söguna og þá menningu sem skapast hefur út frá henni í gegnum tímann. Einnig er í þróun skipulagning fjölbreyttra gönguferða um náttúru dalsins, sem yrðu liður í sumum námskeiðunum en gætu einnig nýst þeim sem hafa áhuga á svæðinu. Guðrún segir varðandi tilvonandi gönguferðir:

„við prufuðum 5 daga gönguferð núna síðasta sumar og það var líka verið að prufukeyra fleiri ferðir og við fengum gott útúr því. Við ætlum að gera bæklinga og svona gera þetta aðeins aðgengilegra.[...] Okkur langar til að búa til okkar eigið námskeið og þjálfa sjálf upp leiðsögumenn, með tilliti til þessa svæðis. Það er stefnt á að gera það í mars-apríl og stefnt að því að það verði notað sem gæðastuðull. Af því að hitt er bara ekki í boði. Næsta sumar verður dálítið mikið í því að prufukeyra ferðir og þjálfa upp og svona“.

Sigurlína tekur við og lýsir gönguferðunum enn betur:

„[...]við höfum lagt megin áherslu á það að það eigi allir að geta tekið þátt það var t.d. einn 75 ára sem var með okkur í sumar. Síðan erum við líka með svona aktu gakkstu með bílstjóra sem keyrir mann á milli staða sem lagt er á milli. Þá geturðu séð mjög mikið á fáum dögum. Þetta er líka miðað fyrir fjölskylduna og að þetta henti öllum“.

Það sem mér finnst merkilegast við þessar gönguferðir er að það að þær eiga að innihalda allt, nesti, kvöldmat og gistingu ef þær eru lengi en einn dagur. Eins og Guðrún segir:

„þetta er ekki bara keyrsla heldur líka skemmtun. Svo á þetta að vera „gourmet“, þannig að það á að vera þriggja rétta á kvöldin [...] það skiptir svo miklu máli að hafa þetta. Það er svo „nice“ þegar þú ert búin að labba lengi og menn eru saman að elda og borða eitthvað ógeðslega gott á kvöldin eftir erfiðan dag finnst okkur vera alveg æðislegt og mikilvægt. Og svo er náttúrulega lókal matur á borðstólnum“.

Þessa hlið ferðaþjónustunnar væri vel hægt að flokka sem jarðferðamennsku með menningarlegu ívafi. Með öðrum orðum væri hægt að flokka bæði gönguferðirnar og vinnustofurnar undir jarðferðamennsku European Geopark Network, þar sem menning er tekin með í reikninginn. Enn ein hlið ferðaþjónustunnar í Svartárkoti er aðal stoð hennar, námskeiðin. Þau eru af öllum toga, t.d. menningarlegum, jarðfræðilegum, landfræðilegum og umhverfislegum toga. Námskeiðin falla mjög vel undir skilgreiningu Þekkingarsetur Þingeyinga um Akadémíska ferðaþjónustu og finnst mér í raun auðveldast að finna skilgreiningu á þennan þátt starfseminnar.

Ef það ætti að reyna að setja starfsemi Svartárkots undir einn hatt eða eina skilgreiningu myndi ég flokka starfsemi þess undir jarðferðamennsku eftir skilgreiningu European Geopark Network. Þó svo að jarðferðamennska Dowlings og Newsomes (2006) sé töluvert auðveldari að vinna með hvað varðar markaðssetningu, úrvinnslu og uppfærslu. Þá er það einfaldlega ekki hægt að mínu mati í þessu tilviki. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að menningarþáttur Svartárkots sem aðdráttarafli er svo mikill og einnig er verið að stíla mikið inn á hana í kynningu og markaðssetningu.

5.3 Framtíðarmöguleikar

Verkefnið hefur nú starfað í þrjú ár með ágætum árangri. Árið 2007 heppnaðist vel með kynningarnámskeiðinu í kjölfarið voru menn bjartsýnir á þátttöku árið 2008. Því miður var ekki nægjanleg þátttaka til að halda námskeið það árið en það sem bjargaði því var samstarfsnámskeið við Edinborgarháskóla sem kom þangað með hóp af nemendum. Þá kom í ljós ný vídd í starfseminu, þó svo að engin námskeið væru haldin á þeirra vegum þá var samt hægt að taka eitthvað jákvætt úr því sumri. Árið 2009 gekk vel að manna námskeið og það er í raun eina árið sem starfsemi verkefnisins hefur gengið upp, þ.e.a.s. ásókn í námskeiðin var nógu góð til að byggja starfseminu upp á þeim. Að mínu mati er það góður árangur miðað við stuttan líftíma verkefnisins og leggur góðan grunn fyrir framtíðina.

Framtíðarmöguleikar Svartáarkots sem alþjóðafræðiseturs eru ýmsu háðir, þar má nefna hreyfanleika gerendanetsins sem umlykur verkefnið allt. Þó helst er verkefnið háð því hvað ábúendur í Svartáarkoti eru tilbúnir að leggja í verkefnið. Systurnar Sigurlína og Guðrún hafa eins og áður hefir komið fram lokaákvörðunarvald um framþróun verkefnisins, ef þær eru ekki tilbúnar til að halda áfram á einhverjum tímapunkti þá er líklegra en ekki að verkefnið fjari út.

Samstarfsmenn þeirra í stjórn Svartáarkots menningar og náttúru þeir Edward, Óli og Viðar voru sammála um að þær þurfi að bera mestan þunga verkefnisins í því samhengi segir Edward m.a.:

„þær systur eiga eftir að leiða þetta algjörlega og þetta þarf að vera á þeirra herðum. Ef þær hætt þá er þetta búið og hérna það þýðir náttúrulega ótrúlega fórnfýsi og þrautseigju af þeirra hálfu. Ef hún er fyrir hendi þá lifir þetta og gengur en ef ekki þá gengur þetta ekki [...] nú sem þýðir auðvitað að það má lítið útaf bregða og ef þú ert veikur fyrir á einhverju sviði, ef að það er eitthvað sem að þú ert lélegur bara segjum hreint út, þá magnast það mjög upp. Þú átt ekki möguleika á að dreifa því á fleiri herðar sem þýðir það að verkefnið geti brotnað nákvæmlega þar“.

Óli tekur í saman streng og segir í þessu samhengi:

„það verður að segjast eins og er, það er bara fólkið sem er stóri parturinn ef að við værum með þetta fólk uppí Svartáarkoti [Sigurlína og Guðrún], þá væri Svartáarkot bara ein af þessum jörðum sem væri að fara í eyði, við værum með rosalega ólíka getu til að gera eitthvað í framtíðinni“.

Viðar heldur áfram og segir um þær systur að:

„þær systur bera hitan af þessu fyrir norðan, þær og heimamenn sjá um alla þjónustu á staðnum og skipuleggja bæði gistingu og það allt. Líka ferðir og annað“.

Ljóst er að verkefnið er mjög háð þeim markmiðum sem þær setja yfir verkefnið og svo lengi sem þær vilja halda áfram þróun þess þá getur hún haldið áfram.

Framtíðarmöguleikar Svartáarkots eru einnig mjög háðir áframhaldandi hreyfingu innan þess gerendanets sem hefur myndast í kringum það. Nær öll markaðssetning hefur farið fram í gegnum það sem og kynning á staðnum. Þannig að til þess að verkefnið nái til

fólksins þá verður að viðhalda áframhaldandi hreyfingu innan þess. Í þessu samhengi segir Viðar, sem hefur komið mest að markaðssetningu verkefnisins af þeim sem ég tók viðtöl við:

„við keyptum einhverja kynningarþjónustu af einhverju fyrirtæki í fyrra en það var ekkert gagn af því en ég held að langbesta og öruggasta leiðin sé bara tengslanetið smátt og smátt. Sem að leggst náttúrulega eftir því sem fólki fjölgar en við ætlum að vinna svolítið í því á næstunni að fá í rauninni að leggja saman öll okkar tengslanet og skipuleggja betur á heimasíðunni t.d. þannig að það verður alltaf stærri og stærri hópur sem mun hjálpa til að kynna þetta. Með því að framsenda pósta og þannig eða mæla með þessu við kolleka eða þannig. Þannig að þetta er í rauninni að eitthvað sem berst með manni, ég held að það sé best“

Með þessu er kannski verið að reiða verkefnið of mikið á tengslanet en ef tengslanet eru jafn gagnleg eins og reynslan úr öðrum atvinnugeirum hefur sýnt þá gæti þessi markaðssetning gengið eftir. Kosturinn við þessa leið er sá að lítil hópur fræðimanna sér um tenginguna við háskólasamfélagið þar sem markhópurinn fyrir ferðamenn er, þ.a.s. nemendur inna vissra svið háskólans. Grunn tengslanetsins er hægt að rekja til kynningarnámskeiðsins árið 2007 í Kiðagili, Viðar segir í samhengi við upphaf netsins:

„verkefnið eignaðist 30 vini um allan heim og við höfum síðan verið í sambandi við. Sem var mjög góð byrjun á tengslaneti og þarna voru t.d. bresk hjón sem gáfu peninga sem komu sér mjög vel og annar prófessor í íslenskum fræðum sem gaf fræðibókasafnið sitt“.

Hvað varðar bættu atvinnumöguleika og byggðarþróun í Bárðardal í kjölfar verkefnisins eru menn mis bjartsýnir á hvenær þeir verða og í hvaða mæli. Óli sagðist hafa farið í þetta verkefni með það í huga að reyna að koma hjólum atvinnulífsins af stað í Bárðardal. Óli segir að frá því að Svartáarkots verkefnið hafi farið af stað þá:

„hefur maður samt sérð mun, ég var bara að brosa af því í síðustu viku þá var ég í Bárðardal [...]og ég brosti að því að þegar ég kom að Kiðagili þá voru 4 barnavagnar úti við. Þannig að það eru hlutir að gerast þarna, nýbúið að opna leikskóla og það er fyrst og fremst þetta kraftaverkafólk í Svartáarkoti sem er á bakvið það. Þetta er bara stórkostlegt. Það sem hefur gerst í því frá því að ég kom inni þetta þá finnur maður strax að fólkið þarna er aðalmálið. Fólkið þar er ákveðið í að vera þar og það er ákveðið í því að búa sér til atvinnu. Þetta er í rauninni kjarni málsins sem mér hefur fundist bara svona almennt í atvinnumálum svona dreifðustu byggða. Sérstaklega dreifbýlum og þá svona „extreme“ tilfellum eins og í Svartáarkoti. Svona langt frá þéttbýli og lengst uppí dalnum“.

Sú aukning í fólksfjölda varð í raun áður en verkefnið byrjaði með því að þær systur flytja aftur í dalinn. Samt sem áður hefur verkefnið hvatt fólk sem var þar fyrir að gera sér mat úr því sem það hefur úr að móða. Ef verkefnið gengur vel þá er vissulega hægt að segja að það búi til fleiri atvinnutækifæri fyrir íbúa dalsins, hversu mikla breytingu það

hefur í för með sér er óvíst. Edward heldur því fram að það þurfi að bíða nokkuð eftir því að sjá þá þróun:

„ég held að fólk eigi ekki eftir að hafa fulla atvinnu af þessu í náninni framtíð. Ég held að það sé alveg ljóst. En þetta er náttúrulega sami vandi [hve ferðapjónusta er árstíðarbundinn] og við höfum búið við víða annarstaðar við ferðapjónustu“.

Þessi vandi hefur verið erfiður biti að kyngja fyrir ferðapjónustu út um allan heim. Sökum þess hversu árstíðarbundin ferðamennska er hér á landi er erfitt að hafa af henni atvinnu árið um kring. Tilraunir akademískrar ferðapjónustu til að reyna að brúa þetta bil sem myndast í ferðapjónustu er hægt að yfirfæra á Svartáarkots verkefnið eins og Óli tekur fram

„þetta þarf sko eins og ég segi að virkja dauða tíma ferðamannatímabilsins, framtíðarvæntingarnar væri varla til þess að vera með uppákomum allt árið. Endilega að hafa þetta prógramm um veturinn. Sumarið er nokkuð þétt einmitt þegar allir ferðamennirnir eru á landinu. Á veturna væri tilvalið að taka við einhverjum hópum öðrum forsendum. Þá kæmu bara inn norðurljósín og aðrar veður aðstæður og annarskonar ferðalög og allt það“.

Eins og áður hefur komið fram þá þyrfti að sækja á markaði í Asíu og Ástralíu fyrir vetrar námsскеiðin þar sem skólakerfin þar henta betur í þeim tilgangi. Erfitt getur reynst að koma á samböndum þar en grundvöllur er þó fyrir því. Árlega kemur hópur Japanskra ferðamanna að skoða jarðfræðistofuna í Mývatnssveit. Önnur spennandi hugmynd um hvernig hægt væri að nýta svæðið með öðrum hætti er að halda þar ráðstefnur um umhverfismál. Viðar segir frá uppruna hennar:

„þar væri líka hægt að halda litlar ráðstefnur og vinnufundi. Sem er alveg raunhæft, þá er líka hægt að markaðssetja þetta þannig að, svoleiðis, fundir og ráðstefnur myndu fylla upp í og auka nýtinguna, þannig að það væri heils árs nýting á aðstöðunni. Svo var ein helvíti góð hugmynd sem að einn af útlendu gestunum fékk, [...] hann sagði að við ættum að stefna að því þegar fram í sækti að halda einn svona lítið málþing. Þannig málþing að einhverjum stórum nöfnum væri boðið að vera þarna með fyrirlestra og menn ættu bara að ræða heimsvandamálin og svo t.d. sjálfbærni og svona ræða einhverja svona stórar spurningar. Gefa síðan afraksturinn út eftir hverja ráðstefnu og gera þetta að árlegum viðburði þannig þá væri hægt að gera Svartáarkot svona einskonar vörumerki á heimsvísu“.

Erfitt er að segja til um framtíðarmöguleika verkefnisins, bæði sökum þess hversu nýtt það er og að hugmyndin virðist ennþá vera í mótun. Starfsemi Svartáarkots sem alþjóðafræðasetur getur verið mjög margþætt eins og rætt hefur verið að ofan og þá sérstaklega ef virkir frumkvöðlar eru þess innan handar. Reynslan af undanförunum árum hefur verið góð en ekki er hægt að segja til um hvort verkefnið sé komið til að vera eða ekki á þessum tímapunkti.

6 Ályktanir og umræður

Í inngangi setti ég fram nokkrar rannsóknarspurningar sem ég ætlaði að svara í ritgerðinni. Megin rannsóknarefni mitt var það að ég ætlaði að komast að því hverskonar ferðaþjónusta væri stunduð í Svartárkoti í Bárðardal. Auk þess var markmið mitt að rannsaka þá möguleika sem slík ferðamennska getur boðið uppá í jafn strjálu samfélagi og Bárðardalur er. Einnig var það haft í huga að varpa ljósi á þróun ferðaþjónustu til styrktar landsbyggðinni.

Þá starfsemi sem fer fram í Svartárkoti er eins og áður segir erfitt að skilgreina nákvæmlega. Markmið hennar er að starfa eftir skilgreiningum og markmiðum um jarðferðamennsku með námskeiðsívafi. Vandamálið við jarðferðamennsku er að það eru tvær skilgreiningar á sveimi um tilgang hennar, Svartárkot verður því að velja á milli þeirra til að byggja starfsemi sína á. Í rannsókn minni hef ég komist að því að aðstandendur verkefnisins eru ekki alveg sammála um hvor skilgreiningin hentar betur í tilviki Svartárkots. Edward H. Huijbens forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Ferðamála og landræðingur telur að best sé að nálgast verkefnið með því að:

„geotourism er voðalega einfalt „concept“. Þetta er jarðfræðitengd ferðaþjónusta. Menn geta alveg snúið útúr þessu eins og þeir vilja en þetta er túrismi sem snýst um það að upplifa skoða og túlka virt jarðfræðifyrirkæri í náttúru landsins“.

Hann heldur áfram og segir:

„hins vegar eru til svona National Geographic skilgreiningar [EGN] um geotourism sem er bara einhverskonar „brand“ sem er í raun og veru bara allt. Auðvitað getur maður tekið svoleiðis „brand“ og kallað sig geotourism destination eða hvernig sem þeir vilja. Spurningin bara frekar hvernig vöru þú vilt búa til“.

Edward heldur að best sé fyrir Svartárkot að skilgreina sig sem eingöngu áfangastað fyrir jarðfræðitengd ferðalög að hætti Dowlings og Newsomes (2006). Á móti kemur að Guðrún og Sigurlína eru hrifnari af European Geopark Network skilgreiningunni þar sem staðbundin menning, vistkerfi og arfleið eru tekin með í reikninginn. Guðrún segir í þessu samhengi:

„við erum hrifnari af National Geograohic [EGN] leiðinni. Þetta er svolítið svona heildarsýn á það sem er búið að vera að gera hérna s.s. tenginguna á milli sveitarfélagsins og fólksins á staðnum um nýtingu hálandisins“.

Sökum þess að verkefnið er ennþá í mótun er visst ósamræmi um það á hvaða grundvelli sé best að byggja ferðaþjónustuna upp. Eins og áður kom fram þá tel ég að EGN skilgreiningin eigi betur við í tilviki Svartárkots sökum þess hversu mikil menningarleg tenging er í gönguferðunum, vinnustofunum og námskeiðunum.

Þeir möguleikar sem verkefnið hefur opnað fyrir samfélagið eiga eftir að koma betur í ljós með áframhaldandi starfsemi. Það sem Svartárvot hefur nú þegar gert fyrir samfélagið er að virkja íbúa þess til að taka þátt í starfseminni samhliða aðstandendum verkefnisins. Svartárvot hefur líka stuðlað að góðu sambandi við heimamenn með því að kaupa af þeim alla þá þjónustu sem þarf að veita ferðamönnum. Sú þjónusta sem keypt hefur verið af heimamönnum er m.a. rútuakstur, matvælaframleiðsla s.s. kjöt, sultur og mjólkurvörur, og leiðsögn um náttúru svæðisins. Þetta skapar aukna atvinnumöguleika fyrir heimamenn, að þessu leyti tel ég verkefnið koma hinu staðbundna samfélagi til góða. Eins og staðan er í dag þá er ólíklegt að verkefnið skapi framtíðarstörf fyrir aðra en Sigurlínu og Guðrúnu næst árin, samt sem áður er það þegar byrjað að hafa jákvæð áhrif á samfégladi.

Svartárvots verkefnið hefur farið hægt af stað og er það ennþá á byrjunarreit, því er erfitt að átta sig á langtíma áhrifum þess. Eftir að hafa kynnt mér og rannsakað verkefnið vel undanfarið þá er ég þeirrar skoðunar að það sé grunnur fyrir þessari tegund ferðaþjónustu á Íslandi. Jákvætt gegni Svartárvots undanfarið þrjú ár er grunnur þess, og núna á fjórða ári er starfsemi þess þegar farin að smita út frá sér í ljós þess að farið er að halda námskeið á þeirra vegum annarsvegar á Seyðisfirði og hinsvegar í Bjarnarfirði. Næstkomandi sumar verður því mjög mikilvægt hvað varðar áframhaldandi stafsemi setursins. Ef þátttaka verður næg til að halda námskeiðin í Svartárvoti og samstarfnámskeiðin á Seyðisfirði og Bjarnarfirði þá gæti það haft í för með sér jákvæð áhrif. Svartárvot mynd þá hugsanlega fá en meiri viðurkenningu hér á landi á sviði ferðaþjónustu sem og erlendis. Það myndi koma verkefninu til góða þar sem markaðssetning þess er að miklu leiti byggd upp á því tengslaneti sem verður til í kringum gesti sem heimsækja staðin.

Það er stórt skref frá því að halda þrjú námskeið sumarið 2009 í það að halda níu námskeið á þrem stöðum aðeins ári seinna. Ef svo illa færi að ekki næðist að manna námskeiðin þá er sú hættu fyrir hendi að Svartárvots verkefnið gæti lagst af. Vegna þess að undirbúningsvinnan fyrir sumarið 2010 er gríðarleg og eins og áður hefur komið fram þá er hún mestmegnis á herðum Sigurlínu og Guðrúnu í Svartárvoti. Ef öll sú undirbúningsvinna myndi ekki skila sér til þeirra þá eru líkur á því að þær, stóðir verkefnisins, brotni undan álaginu.

Ljóst er að frekari rannsókna er þörf á starfsemi Svartárvots, bæði þarf að fylgjast með stefnumótun þess hvað varðar jarðferðamennsku og velgengni námskeiða. Að mínu mati er sumarið 2010 lykilþáttur í áframhaldandi starfsemi, þetta er stórt skref sem annað hvort gæti brotið verkefni niður eða lyft því á hærra plan. Ef vel færi þá væri þá hægt að líta til vetrarnámskeiða fyrir aðra markaði sem myndi þá hjálpa til við að virkja dauða tímann.

Í þessari rannsókn hef ég komist að því hversu mikilvægt er fyrir ferðaþjónustu að stuðla að virkri nýsköpun. Nýsköpun er upphaf framþróunar í hvaða geira atvinnulífs (Sörensen, 2007), þá er hún sérstaklega mikilvæg fyrir jaðarsamfélög til að bæta lífsskilyrði samfélagsins með aukinni atvinnu og byggðarþróun.

Heimildir

Aðalsteinn J. Halldórsson (2005). *Akademísk ferðaþjónusta*. Þingeyjarsveit: Þekkingarsetur Þingeyinga.

Abisko scientific research station (á.á.). *Abisko scientific research station: The Royal Swedish a-Academy of Sciences*. Skoðað 28. nóvember 2009 á <http://www.ans.kiruna.se>.

Ahuja, G (2000) Collaboration Networks, Structural Holes, and Innovation: A Longitudinal Study. *Administrative Science Quarterly*, 45, 425-455.

Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson (2002). *Byggðir og búseta*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Bárðardalur (á.á.). *Skólabúðirnar Kiðagil*. Skoðað 13. Nóvember 2009 á <http://www.bardardalur.is>.

Bærenholdt, J. O. & Aarsæther, N. (2002). Coping Strategies, social capital and pace. *European Urban and Regional Studies*, 9 (2), 151-165.

Björn Böðvarsson (2010). *641 Fréttasíða Þingeyjarsveitar, Fréttir úr Suður Þingeyjarsýslu, Þingeyjarsveit, Reykjavírhverfi og Mývatnssveit*. Skoðað 20. janúar 2010 á <http://www.123.is/641>

Esterberg, K.G. (2002) *Qualitative methods in social research*. Bandaríkin: McGraw-Hill.

European Geoparks Network (2008). *European Geoparks Network*. Skoðað 7.október 2008 á <http://www.europeangeoparks.org>.

Flemming Sørensen (2007). The Geographies of Social Networks and Innovation in Tourism. *Tourism Geographies*. 9(1), 22-48.

FossHótel (á.á.). *FossHótel*. Skoðað 20. janúar 2010 á <http://www.fosshotel.is>

Gunnar Þór Jóhannesson (2005). Hreyfingar ferðaþjónustu: Skipun þróunarverkefnis í ferðaþjónustu á Vestfjörðum. *Landabréfið 21(1)*, 21-37.

Kiðagil (á.á.) Kiðagil. Skoðað 13. Nóvember 2009 á <http://www.kidagil.is>.

Lynch, P og Morrison, A. (2007), The Role of Networks. *Tourism management 31(1)* 1-12.

Maher, P.T.(2006). Book Review [gagnrýni á bókina *Geotourism*]. *Tourism Management*, 28, 350-351.

Neto, F. (2003). A new approach to sustainable tourism development: Moving beyond environmental protection. *Natural Resources Fourm* (27), 212-222.

Potter, R.B., Binnis, T., Elliott, J.A. & Smith, D. (2008). *Geographies of Development: An Introduction to Development studies* (3.útg). Harlow: Pearson Education Limited.

Robert D. Billington, Natalie Carter og Lilly Kayamba (2008). The practical application of sustainable tourism development principles: A case study of creating innovative place-making tourism strategies. *Tourism and Hospitality Research*, 8/1(37-43).

Ross K. Dowling and David Newsome (2006). *Geotourism*. Oxford: Elsevier Butterworth-Heinemann.

Schumpeter, J.A. (1947). *Capitalism, Socialism and Democracy*. New York: CAB International.

Schumpeter, J.A. (1961) *The Theory of Economic Development*. New York; Oxford University Press.

Seldjan Timur og Donald Getz (2008). A network perspective on managing stakeholders for sustainable urban tourism. *International Journal of Contemporary Hospitality Management*. 20(4), 445-461.

Svartárvkot (á.á.) a. *Svartárvkot, menning og náttúra* [bæklingur]. Reykjavík: Reykjavíkúakademían.

Svartárvkot (á.á.) b. *Svartárvkot*. Skoðað 13. Nóvember 2009 á <http://www.svartarkot.is>.

Torres, R. & Momsen, J.H. (2004). Challenges and potential for linking tourism and agriculture to achieve pro-poor tourism objectives. *Progress in Development Studies* (4,4), 294-318.

Tourism and Community Development Solutions (2007). *Tourism and Community Development Solutions (TCDS) – Local, regional, state tourism*. Skoðað 5. Október 2008 á <http://developtourism.com>.

Travel Industry Association of America (2002). *The Geotourism Study: Phase I Executive Summary*. Washington, Travel Industry Association of America.